


Sæði höggormsins

Ræða flutt af William Marrion Branham

28. september 1958



Birna Einarsdóttir þýddi

Sæði höggormsins

1 Kæri Guð, þú mikli og máttugi Guð, sem mótaðir alla hluti með krafti Anda þíns og hefur fært okkur Jesú Krist, son þinn, sem dó fúslega fyrir syndarana, réttlátur fyrir rangláta, til að setta okkur aftur við Guð og leiða okkur aftur inn í þetta dásamlega samfélag sem við eigum nú á ný við Guð. Eins og okkur er kennt í hinu blessaða Orði, þá áttum við samfélag við Hann fyrir grundvöllun heimsins, þegar morgunstjörnurnar sungu saman og synir Guðs hrópuðu af gleði löngu fyrir grundvöllun heimsins. Hvernig vitum við að það hafi ekki verið á sama tíma og lambinu var slátrað, að Guð í sinni miklu hugsun sá okkur hrópa og fagna í hjálpræði okkar í Jesú. Og í kvöld höfum við aðeins forsmekk þeirrar guðlegu dýrðar sem mun opinberast við seinni komu Hans. Öll veikindi og allir sjúkdómar verða þá úr sögunni og við munum fá líkama sem verður eins og dýrðarlíkami Hans, því við munum sjá Hann eins og Hann er. Þegar við lítum hér á hendur okkar sem eru að hrörna og hár okkar að grána og axlir okkar að verða hoknar, verðum við meðvituð um að við erum dauðlegir menn og á leiðinni að verða aftur að moldinni sem bein okkar eru gerð úr og þaðan sem við komum. En Drottinn Guð, eins örugglega og þú ert Guð, gafstu okkur fyrirheit um að við yrðum reist upp aftur á síðustu tímum og við trúum því.

2 Við stöndum stöðug í trú okkar í kvöld í nærveru þinni og við komum með djörfung vegna þess að Jesús bað okkur um að gera það. Ekki vegna neins þess góða sem við höfum gert, því við höfum ekki gert neitt rétt, heldur komum við í auðmýkt og játum að við eigum þennan mikla fjársjóð vegna þeirrar náðar sem okkur hefur verið gefin. Þess vegna komum við til þín og biðjum þig að blessa okkur í kvöld í því að koma Orði þínu á framfæri. Því ritað er: “Eigi lifir maðurinn af brauði einu saman, heldur sérhverju Orði sem fram gengur af Guðs munni.” Og mætti munnur Guðs tala í kvöld. Látum orðin koma fram og mættu þau ganga djúpt inn í hjörtu þeirra sem hlusta og við fyllast af Andanum og nærveru þinni. Við biðjum þess í Jesú nafni. Amen.

3 Í dag og í gær eða frekar gærkvöldi, höfum við verið að ræða um efnið: “Hvers vegna erum við ekki kirkjudeild?” Og við höfum farið af mikilli alvöru í það hvers vegna við erum ekki kirkjudeild og hvers vegna við höfum ekki trú á kirkjudeildum, vegna þess að við sjáum í Orði Guðs að kirkjudeildir voru aldrei skipaðar af Guði. Þær voru settar af djöflinum. Og ég sannaði þetta gegnum Biblíuna. Og hvernig kirkjudeildir koma fram með villu. Nú, við segjum þetta til að leiðrétta og til að leiða þennan söfnuð inn í samfélag um hið blessaða Orð Guðs. Að von okkar er ekki byggð á því sem kirkjudeildir segja eða hvað einhver maður segir. Hún byggist á því sem Drottinn Guð hefur að segja. Það er eina leiðin til að við fáum rétta umvöndun og leiðréttingu.

4 Og þennan morgun er ég með fimm greinar sem eru gefnar út af kirkjudeild sem er alls ekki talað um í Biblíunni, þess efnis að mótmælendakirkjurnar eru að beygja sig fyrir og flytja kenningar um það sama og gamla móðurskækjukirkjan, kaþólska kirkjan, prédikar. Og við beygjum okkur undir það sama, sem er gagnstætt öllu í Orði Guðs.

5 Fyrsta kirkjudeildin... við flettum þessu upp í bókinni um Níkeufeðurna, sögu Níkeukirkjunnar. Eftir dauða postulanna komu Níkeufeðurnir til sögunnar og tímabil þeirra stóð í 325 ár. Að lokum komu þeir til Níkeu, þar sem þeir héldu Níkeukirkjuþingið. Á því þingi mótuðu þeir margar kreddur sem kaþólska kirkjan fylgir núna og hafa gengið í erfðir til mótmælenda.

6 Og eins og ég sagði í fræðslunni í morgun, þá sagði Guð alveg fram að kirkjuöld Þessalóníku (réttara sagt kirkjuöld Þíatíru, sem varði í 1500 ár hinna myrku miðalda): “Þú hefur ennþá nafn mitt.” En frá og með þeirri kirkjuöld voru þeir ekki lengur í Kristi, heldur gengu undir kirkjudeildarnafni; Kaþólskir, Lúterskir, Wesleysinnar, Baptistar, Hvítasunnnumenn og svo framvegis. En við lok aldanna sagði Hann: “Ég hef látið dyr standa opnar fyrir þér.” Sjáið til. Og það er sú öld sem við erum á núna, tímabilið þar sem eru opnar dyr, meðan hinir síðustu ganga út úr Laódíkeukirkjunni.

7 Og það liðu nákvæmlega 325 ár þar til kirkjuþingið í Níkeu var haldið. Og þar tóku þeir upp þessa siði eins og ádreypingarskírni, yfirhellingu og rangar skírni, falska heilaga anda, alla þessa hluti. Og þeir tóku þetta upp. Og síðan þegar Lúter, þar sem hann var prestur, kom út úr kaþólsku kirkjunni, þá tók hann öll þessi atriði með sér. Og út úr þessu öllu kom Zwingli. Út frá Zwingli kom Kalvín og út frá Kalvín kom Wesley og áfram. Og þeir létu þessar kreddur bara halda áfram. Og hvernig getur Guð leitt kirkju sína, þegar menn fylgja vegum sem Hann hefur aldrei lagt fyrir þá?

8 Og munið að í Opinberunarbókinni 17. kafla sjáum við konu... (Nú þessi orð eru hrein og bein og þau eru úr Biblíunni, svo ég býst við að ég geti sagt þau.) Það stendur að þessi kona hafi verið skækja. Það þýðir að hún var kona með slæman orðstír, að hún átti að vera gift eiginmanni sínum en hóraðist með heiminum. Og hún var móðir hórkvenna. Þess vegna átti hún dætur. (Og við höfum dregið upp landakort af því.) Ég hef sjálfur komið þarna — og séð þetta í Ritningunni, kenningar hennar og það allt saman. Ég trúi að Drottinn hafi lagt línurnar þannig að þetta getur ekki verið neitt nema kaþólska kirkjan. Þetta getur ekki verið á neinn annan hátt. Og hvað fæddi hún? Mótmælendakirkjurnar. Það var einmitt það sem hún gerði. Og hún hafði í hönd sér bikar saurlifnaðar síns og hún gaf hann konungum jarðarinnar og andlega talað ríkti hún yfir allri jörðinni. Það er alveg rétt. Það er engin önnur...

9 Við gætum farið í Daníelsbók og litið á líkneskið. Lítið bara á líkneskið. Höfuðið úr gulli. Það er Babýloníuríkið. Silfrið er ríki Meda- og Persa. Og eirinn er Alexander mikli og svo framvegis, ríki Grikkja. Síðan koma hin tvö rómversku ríki, Austur- og Vestur-rómverska, fæturnir tveir. Og takið eftir í sambandi við þessi tíu ríki sem við vorum að tala um í morgun, þessi tíu horn. Í hverju þessara tíu ríkja sem koma áttu, var járn og leir blandað saman. Og járníð kemur frá fótunum sem var Róm. Og það er dálítið af rómversku í öllum ríkjum heims gegnum kaþólsku kirkjuna. Og þeir vildu ekki blandast nokkurs staðar og þeir giftust aðeins innbyrðis. Biblían sagði að þeir myndu gera það. Og lítið bara á þá í dag.

10 Ef drengurinn þinn er með kaþólskri stúlku og þau vilja síðan giftast verða þau að lofa að ala börnin upp í kaþólsku og öfugt. Sjáið, þetta er til að brjóta niður vald annarra. En hvað er þetta? Biblían segir þetta allt saman vera hóru. Hvað ætlar þú nú að gera? Það er alveg rétt. Og hvernig syndir mannanna koma niður á... Við fórum í 5. Mósebók og töluðum um það hvernig óskilgetið barn gat ekki verið í söfnuði Drottins

eða afkomendur þess í 14 kynslóðir [4 kynslóðir + 10 kynslóðir]. Það var samkvæmt lögmálinu. Og Kristur kom til að útvíkka lögmálið. Hvað er tíminn orðinn langur núna?

11 Og hvað er að þessum litlu kvenréttindagærum á götunni í dag, þessum sígarettureykjandi konum sem ganga í stuttbuxum og klippa hár sitt stutt? Hvað er að þeim? Það er vegna þess að mamma þeirra hegðaði sér svona. Siðleysið gengur áfram niður kynslóðirnar. Þannig er það. Og hvað höfum við öðlast? Þetta er orðið samansafn af engu nema sóðalegri synd.

12 Þess vegna hefur Guð vakið upp Rússland með kjarnorkusprengjur til að afmá hana af jörðinni eins og syndaflóðið gerði þegar Hann myndaði skýin. Vissulega hefur Hann gert það. Og Biblían segir það. Rússland, þetta guðlausa land, hefur algerlega verið verkfæri í höndum Almáttugs Guðs. Alveg eins og Nebúkadnesar konungi var ætlað að eyða Ísrael vegna þess að þeir gengu ekki með Guði, er Rússland núna að rísa upp til þess að hefna hinna heilögu sem kaþólska kirkjan — blóðs hinna heilögu sem hún hefur úthellt. Biblían segir það. Það mun taka það allt saman.

13 Svo sjáið til, ef móðir þeirra var í kirkjukór og... amma þeirra og mamma hennar var kvenréttindagæra, hvað er hún þá í dag? Rokk og ról fatafella. Hvað munu börn hennar verða? Og þú segir: “Gerir Guð þetta?” Já, vissulega. Guð vitjar misgjörða á börnunum allt í 14 lið. Og ef Kristur kom til að mikla þetta myndum við segja eitt hundrað kynslóðir eða fimm hundruð kynslóðir. Hann sagði: “Þér hafið heyrt að sagt var við forfeðurna, ‘Þú skalt ekki morð fremja. Sá sem morð fremur, skal svara til saka fyrir dómi.’ En ég segi yður: ‘Hver sem reiðist bróður sínum, skal svara til saka fyrir dómi.’” “Þér hafið heyrt, að sagt var: ‘Þú skalt ekki drýgja hór.’ En ég segi yður: Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.” Hann miklaði það. Hvað þýðir að mikla? Gera það mörgum sinnum stærra. Og ef það voru 14 kynslóðir undir lögmálinu, hvað tekur þá það sama, langan tíma í dag?

14 Og ungir menn og miðaldra, giftir menn bera ekki lengur neina virðingu fyrir giftingareið sínum. Þeir taka bara einhverja konu og eru með þeim hvar sem er og eru bara eins og hundarnir. Hundur ber meiri virðingu í brjósti og hefur betra siðgæði en sumt fólk. Ég veit að þetta er býsna sterkt, en það er alveg rétt. Hvers vegna? Og kirkjurnar samþykkja þetta bara og segja ekkert um það. Af hverju? Þær láta eins og mamma þeirra. Kirkjan hefur erft það. Vegna þess að kirkjan... og mótmælendakirkjan er komin af kaþólsku kirkjunni. Og synda kaþólsku kirkjunnar er vitjað á Lúterstrúarmönnum. Vissulega. Svo potturinn hefur ekki efni á að segja ketilinn skítugan. Það er fullkomlega satt.

15 Nú, og við komumst að því í Ritningunni og ég hef ekki enn séð neinn miða á borðinu mínu. Ég sagði: Sýnið mér einn stað þar sem Guð gaf tilskipun um kirkjudeild. Sýndu mér einn stað þar sem Drottinn skipaði konu sem prédikara? Sýndu mér einn stað þar sem Guð gaf tilskipun um ádreypingarskírni eða að hella vatni á höfuðið í skírni. Sýndu mér einn stað þar sem Guð lét skíra einhvern í nafni Föður, Sonar og Heilags anda. Finndu þessa hluti. Og samt gerum við þá stöðugt. Þetta er í kirkjunni.

16 Ég sagði ykkur að ástæða þess að við gætum ekki verið Baptistar er sú að við trúum á skírn í nafni Drottins Jesú Krists. Enginn í Biblíunni er skírður á neinn annan hátt. Sýndu mér hvar einhver var skírður í nafni Föður, Sonar og Heilags anda. Þá mun ég rétta upp hendur og segjast vera falsspámaður. Og ef Biblían segir að þú eigir að láta skírast í nafni Jesú Krists, þá þýðir það að það verði að gerast á þann hátt. Páll skipaði þeim að láta skírast á ný. Það var sama hvernig þeir höfðu verið skírðir. Þeir urðu að koma og láta skírast á nýjan leik. Þeir voru skírðir af sama manni og skírði Jesú, Jóhannesi skírara. Hann sagði: “Það er ekki lengur í gildi. Þið verðið að koma og láta skírast á ný.” Og þeir urðu að gera það áður en þeir gátu tekið við Heilögum anda. Þannig var fyrirkomulag Guðs.

Ég gæti farið örlítið dýpra í þetta í kvöld. Nú, Jesús stendur við Orð sín. Trúir þú því? Næstum allir sem hér eru, voru hér líka í morgun. En mig langar að bæta dálitlu við.

17 Af hverju ætti Páll að fyrirskipa þetta eftir að búið var að gera það? Páll sagði: “Jafnvel þótt vér eða engill af himni kæmi og boðaði yður eitthvað annað þá sé hann bölváður.” Þú segir: “Við höfum nýtt ljós yfir þetta.” Nei, þið hafið það ekki. Djöfullinn kom til Evu og sagði eitthvað álíka. Við þurfum ekkert nýtt ljós. Þið þurfið bara að ganga í því ljósi sem Guð hefur þegar gefið. Það er allt og sumt.

18 Fylgist nú með. Sjáið hve einfalt þetta er. Þegar Jesús kom niður af Ummyndunarfallinu sagði Hann: “Hvern segja menn Mannssoninn vera?” Einhver sagði: “Móse eða Elía eða einhver af spámönnunum.”

Hann sagði: “Hvern segið þið mig vera?”

Pétur sagði: “Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs.”

Hann sagði: “Sæll ert þú Símon Jónasson, því hold og blóð hefur ekki opinberað þér þetta, heldur faðir minn á himnum.” Sjáið þið til, þetta er ekki kennt í biblíuskólum. Það kemur ekki í gegnum kirkjudeildir. “Hold og blóð hefur ekki opinberað þér þetta. Þú lærðir það ekki í neinum skóla. En Faðir minn á himnum hefur opinberað þér þetta. Og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína og máttur heljar mun ekki á henni sigrast.” Þeirri andlegu opinberun um það hver Hann er.

Takið eftir: “Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn og ég mun fá þér lykla himnaríkis, og hvað sem þú bindur á jörðu, mun bundið á himnum og hvað sem þú leysir á jörðu, mun leyst á himnum.” Hann varð að halda Orð sín, annars væri Hann ekki Guð.

19 Nú, Hann gerði þetta og nokkrum dögum síðar var Hann krossfestur, reis upp, steig upp til himna. Og Pétur opnaði fagnaðarerindið á hvítasunnudag. Gerði hann það ekki? Vissulega gerði hann það.

Fylgist nú með. Það hæddust allir að þeim vegna þess að þeir voru fylltir Heilögum anda. Þeir voru kallaðir ofstækismenn eða eitthvað því líkt. Og þeir hlógu og sögðu: “Þeir eru drukknir af nýju víni.”

Og Pétur stóð upp mitt á meðal þeirra, hóf upp raust sína og sagði: “Menn og bræður ljáið eyra orðum mínum. Eigi eru þessir menn drukknir, eins og þér ætlið, enda aðeins komin dagmál. Hér er að rætast það, sem spámaðurinn Jóel segir: “Það mun verða á efstu dögum, segir Guð, að ég mun úthella anda mínum yfir alla menn. Synir yðar og dætur munu spá, ungmenni yðar munu sjá sýnir og gamalmenni yðar mun drauma dreyma. Jafnvel yfir þræla mína og ambáttir mínar mun ég á þeim dögum úthella anda mínum, og þau munu spá.” Og svo framvegis.

20 Þegar þeir heyrðu þetta stungust þeir í hjörtun, því þeir voru að hlusta á mann sem kunnir varla stafrófið, en þegar hann talaði urðu þeir að taka eftir. Þeir vissu að það var eitthvað brennandi innra með honum, Heilagur andi. Stöðva hann? Það hefði verið eins og að reyna að slökkva eld í timburhúsi á hvassviðrisdegi. Það var ekki hægt. Hann var fylltur af Heilögum anda. Og hvað gerði hann síðan? Þeir sögðu: “Menn og bræður, hvað eigum vér að gjöra til að verða hólpnir?” Fylgist nú með Pétri. Hjá honum eru lykjar himnaríkis, sjáið þið til. Nú, þegar Jesús reis upp á þriðja degi hafði Hann ekki lykja himnaríkis. Vissir þú það? Hann sagði: “Ég hef lykja dauðans og heljar,” en ekki lykja himnaríkis því þeir höfðu verið gefnir Pétri.

21 Hann sagði: “Það sem þú leysir á jörðu, mun ég leysa á himni og það sem þú bindur á jörðu mun ég binda á himni.” Þarna stendur hann nú til að opna heiminum dyrnar að þessari blessun. Og hann hefur lykjana í hendi sér og þeir spyrja hann: “Hvað eigum við að gera til að frelsast?” Það var sama hvað postulinn myndi segja eða gera, Guð varð að viðurkenna það á himni ef Hann hafði gefið honum þetta vald. Og Pétur sagði: “Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda.” Er það ekki rétt? Það er ástæðan fyrir því að lykjarinn snerust ekki á himni fyrir neinu öðru nafni eða neinni annarri leið. Þeir snerust á jörðu og þeir snerust á himni. Annars hélt Jesús ekki orð sín við Pétur. Og hvar sem þeir voru skírðir í Biblíunni eftir það, voru þeir skírðir í nafni Jesú Krists. Og þeir sem voru skírðir áður, urðu að koma og láta skírast aftur og nú í nafni Jesú Krists, til að öðlast Heilagan anda. Það er alveg rétt. Þetta er enn á sama veg.

22 Þannig að ef við kennum skírni í nafni Föður, Sonar og Heilags anda, þá er það falsspádómur. Mig langar ekki til að særa ykkur, en ég verð að koma þessu til skila, til að þessi kirkja viti... við erum ekki hér sem hópur af ólæsum ruglukollum. Við vitum að við stöndum á Orði Guðs. Ég skora á hvern sem er til að sýna mér hvar í Biblíunni einhver var skírður í nafni Föður, Sonar og Heilags anda. Nú, ætlar þú að hlusta á falsspádóma eða sannleikann? Rannsakaðu Ritningarnar. Það er á þínu valdi. Sýndu mér einn einstakling í Biblíunni, sem skipaði kirkjunni að verða kirkjudeild — í Biblíunni. Sýndu mér í Biblíunni hvar þeir skipuðu kvenprédikara. Sýndu mér hvar í Biblíunni gefin var skipun um eitthvað af þessum hlutum sem við höfum verið að tala um. Það fyrirfinnst þar ekki. Segðu mér frá einum stað.

23 Ef maður fer til einherrar kirkjudeildar... nú þegar Meþódistar komu fram prédikuðu þeir um helgun. Það er gott. En þegar þeir gerðu það, bjuggu þeir til kirkjudeild og það gerði út um málið. Þess vegna sagði Biblían: “Þú hefur nafn.” Þú segir: “Ég er kristinn.” “Nú, hvaða kirkjudeild tilheyrir þú?” Þú segir: “Ég er Meþódisti.” Nú, þá ertu skækja. “Ég er Baptisti.” Skækja. “Meþódisti.” Skækja. “Hvítasunnumaður.” Skækja. Þú tilheyrir þessari kirkju. Þú ættir að tilheyra Kristi. Þú átt ekkert með að segja Meþódisti eða Baptisti. Ef þú ert kristinn þá ertu kristinn í hjarta.

24 Sérhver þessara kirkjudeilda getur getið af sér börn, börn Guðs. Það er alveg rétt. En ef þú heldur að þú farir til himna bara vegna þess að þú ert Meþódisti eða Baptisti, þá hefur þú rangt fyrir þér. Og það er þess vegna sem við höldum okkur frá þessu. Af hverju geta Baptistar ekki séð? Ég var að tala við Meþódista sem er að

skrifa ritgerð, ekki alls fyrir löngu. Hann sagði: “Það eina sem við höfum á móti þér er að þú skulir umgangast Hvítasunnnumenn.”

Ég sagði: “Hverjir erum við?”

“Við Meþódistar.”

Ég sagði: “Nú, ég skal segja þér hvað ég geri. Ég kem til borgarinnar þinnar og þú lætur Meþódistar fjármagna herferðina.”

“Ó,” sagði hann, “það gætum við auðvitað ekki.”

Ég sagði: “Mér datt það í hug. Ég held mér við Hvítasunnnumenn vegna þess að Hvítasunnnumenn trúa þessu. Það er rétt. Þeir fylkja liði í kringum það og þeir njóta ávinningsins af því.” Hve margir lásu greinina í tímaritinu *Life* nýlega um Hvítasunnukirkjuna? Það er eitt það merkilegasta sem gerst hefur á þessari öld. Þeir snúa fleirum til Krists á einu ári en allar hinar kirkjurnar samanlagt. Af hverju? Jafnvel í villu þeirra, er Guð að leiða þá áfram vegna þess að þeir trúa sannleikanum og þeir marséra áfram með honum. Það er sannleikur.

25 En hvað erum við að gera núna? Sjáið þið til. Það er ástæðan fyrir því að við erum ekki kirkjudeild. Og alveg eins örugglega og Hvítasunnnumenn munu byggja upp hreyfingu... Fyrir löngu síðan þegar Heilögum anda var fyrst úthellt yfir Hvítasunnukirkjuna fyrir 40 árum og þeir fóru að tala í tungum, sem er ein af gjöfunum. Hún er sú minnsta af öllum gjöfunum eftir því sem Páll segir. Og um leið og Andanum var úthellt sögðu þeir: “Nú höfum við öðlast það.” Og þeir bjuggu til kirkjudeild, Heildarráðið (General Council) sem nú kallast Söfnuðir Guðs (Assemblies of God). “Ó, enginn hefur öðlast það ‘nema hann tali í tungum.’” Guð færir sig bara burt frá þeim og lætur þá sitja eftir. Vissulega.

26 Síðan kom hreyfing einhyggjumanna (Oneness) fram og þeir komust að því, að það á að skíra í Jesú nafni. Þeir sögðu: “Við höfum öðlast það.” Þeir skipulögðu hreyfingu. Hvað gerðu þeir? Guð fór bara burt og skildi þá þar eftir, því það er: “Hver sem vill, hann komi.” Sjáið til. Einhyggjumenn geta ekki farið til hinna og öfugt. Ég hef talað við þá bestu menn sem þeir eiga, Hr. Goth og Dr. Pope og marga sem eru miklir menn í... ég settist niður með þeim og sagði: “Hvernig getið þið kennt þetta um frumsönnunina [tungutal sem sönnun á skírn í Heilögum anda] eins og fræðimenn?” Þeir sögðu: “Nú, bróðir Branham,” og einn, tveir eða jafnvel þrír þeirra voru virkilega einlægir og sögðu: “Við vitum að það er rangt. En hvað eigum við að gera? Ef við segjum eitthvað um það núna þá truflum við allt kerfið.” Vissulega og þá verður þú ekki lengur biskup eða yfirmaður. Það er hugmyndin.

27 Bróðir, ég vildi frekar vera með lítið trúboð á götuhorni eða prédika undir grenitré og hafa sannleikann. Svo sannarlega. Og vita að maður er að segja sannleikann. Maðurinn vill sannleikann og sem kristinn maður, ert þú skuldbundinn til að bera sannleikanum vitni. Guð mun gera þig ábyrgan fyrir því. Stattu með þessum hlutum. Ef þú hefur ekki verið skírður í nafni Jesú Krists og þú hefur ekki gert þessa hluti og þú hefur ekki meðtekið Heilagan anda... Þú segir: “Ég talaði í tungum.” Það þýðir ekki að þú eigir Heilagan anda. Ég hef séð nornir, seiðkarla, fólk með illa anda og ýmsa slíka tala í tungum. Vissulega og þetta lið á ekki Heilagan anda og þú veist það. Þeir drekka blóð úr hausjúpu af manni og dansa, ákalla djöfulinn og tala í tungum. Vissulega eiga þeir ekki Heilagan anda. Svo bara það að þú talaðir í tungum þýðir ekki að þú eigir Hann. Eina leiðin til að vita að þú eigir Hann, er þegar þinn andi ber vitni með Hans Anda og ávextir Andans fylgja þér: Kærleiki, gleði, friður,

langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi. Þannig veistu að þú átt Heilagan anda. Hann vitnar með sjálfum sér.

28 Nú, ef þú reynir að treysta á það að tilheyra Hvítasunnumönnum eða Baptistum eða Öldungakirkjunni, sérðu hvað þú ert þá að gera? Þú ert að taka á þig nafn skækju. Það er alveg rétt. Gakktu út úr þessu, flýðu það. Ég á ekki við að þú yfirgefir kirkjuna þína eða svoleiðis. Þú ræður hvað þú gerir í því. En hættu að segja: “Ég tilheyri Öldungakirkjunni. Við trúum ekki á daga kraftaverkanna.” Af hverju trúir þú því ekki? Biblían kennir það. “Ó, ég tilheyri Kirkju Krists. Þeir segja að dagar kraftaverkanna séu liðnir.” Þeir eru falsspámenn. Ég get sýnt ykkur hvar Jesús Kristur gaf kirkjunni vald til að lækna sjúka, reisa upp dauða og reka út illa anda. Ég skora á hvern sem er að sýna mér það vers í Biblíunni, þar sem Hann tók það frá kirkjunni. Hvað tók það burt? Ykkar eigin kreddur, það er alveg rétt, ekki Orð Guðs. Heilagur andi er enn að vinna verkið og heldur enn áfram á sama hátt og Hann mun gera það að eilífu. Það er ástæðan fyrir því að við erum ekki kirkjudeild. “Hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar en afneita krafti hennar. Snú þér burt frá slíkum.” Við trúum ekki á svoleiðis.

29 Nú og hvernig byrjaði þetta allt saman? Við verðum að flýta okkur að koma því að, hvernig þetta allt byrjaði. Við höfum mörg Ritningavers sem fjalla um Heilagan anda. Í gærkvöldi komum við með áskorun í sambandi við kenninguna um varðveislu hinna heilögu. Ekki á þann hátt sem Baptistar trúa þessu, nei svo sannarlega ekki. Ég er ósammála Baptistum og þeirra útgáfu af Kalvínisma. Ég er vissulega ósammála Öldungakirkjunni. Ég er ósammála Meþódistum og þeirra útgáfu af kenningu Arminíusar. Svo sannarlega. En það er sannleikur í þessu hjá þeim báðum. Þú verður að færa þetta til baka þangað sem sannleikurinn er. Ef maður hleypur á eftir þessu þarna úti, villist maður bara. Þannig er það.

30 Baptistar koma fram og skíra einn eða tvo niðurdýfingarskírín. Prédikarinn skírir þá og níu af tíu reykja sígarettur, þeir fara út og spila fjárhættuspil alla nóttina eða eru í vafasömum viðskiptum. Og konurnar þeirra ganga í stuttbuxum og eru úti á götunum, klippa hár sitt og blaðra, halda saumaklúbba og segja sóðalega brandara. Kallar þú það kristindóm? Og þú heldur að þú eigir eilíft öryggi. Þú ferð til helvítis með þessu. Þú mundir ekki njóta þín í himnaríki á nokkurn máta. Vissulega ekki. Þetta er ekki eilíft öryggi. En þegar einhver endurfæðist af Heilögum anda... og þið Hvítasunnumenn, bara vegna þess að þið hoppað upp og niður, talið í tungum og hlaupið fram og aftur gangana, þýðir ekki að þið hafið eilíft öryggi. Ekki fá þá flugu í hausinn. Það þýðir það vissulega ekki. Vegna þess að þú veist að þitt eigið líf ber því vitni, að þú stendur ekki réttur gagnvart Guði. Það er alveg rétt. Þú hefur ekki enn öðlast eilíft öryggi.

31 En mig langar að spyrja þig að dálitlu. Er þetta eilífa öryggi þá til? Biblían segir að svo sé. Biblían segir að nöfn okkar hafi verið rituð í Lífsins bók lambsins fyrir grundvöllun heimsins. Og eins og ég sagði í morgun: Maðurinn sem samdi sönginn: “Það er nýtt nafn ritað á himnum í dag, og það er mitt, já það er mitt.” Hugmynd hans er ágæt en hún passar ekki við Ritninguna. Nafn þitt var ekki ritað í bókina daginn sem þú frelsaðist. Heldur var það samkvæmt Opinberunarbókinni 13:8 og svo framvegis, ritað þar fyrir grundvöllun heimsins. Og Jesú Kristi var slátrað fyrir grundvöllun heimsins.

32 Hvernig gat Guð, sem er óendanlegur... hvernig gat óendanlegur Guð sem þekkir endirinn alveg frá upphafi, hvernig gat Hann leyft syndinni að koma í heiminn, ef ekki hefði verið ástæða fyrir því? Við skulum rifja upp það sem við erum búin að segja. Hvort kom á undan Frelsarinn eða syndarinn? Frelsarinn vissulega. Hvort er máttugra Frelsarinn eða syndarinn? Ef Frelsarinn getur afmáð syndir er Hann máttugri.

Nú, hvers vegna lét hann þá syndina verða til í upphafi? Til að sýna að hann væri Frelsari. Hvort er máttugra Græðari eða sjúkdómar? Græðarinn. Hvers vegna leyfði Hann þá sjúkdómum að koma? Til að sýna að Hann væri Græðari. Það eru eiginleikarnir Hans. Það er þess vegna sem Hann lætur erfiðleikana koma. Hann leyfir sorginni að koma til að sýna að Hann er fögnuður. Vissulega er Hann það. Þess vegna er nóttin til, til að sanna að dagurinn sé líka til. Við verðum skapmikil til að sýna að það er til friður. Vissulega. Það er bæði með og á móti. Ó, hann er dásamlegur.

33 Og hvernig byrjaði þetta þá? (Við förum í það eins hratt og við getum til að ég haldi ykkur ekki hér í allt kvöld.) Nú, það hlýtur að vera við upphaf alls. Mig langar að spyrja þig að dálitlu. Það getur verið að þetta sé... þú bara setur þetta í vestisvasann. Þú þarft ekki að hafa þetta hjá þinni daglegu fæðu. En hlustaðu á þetta. Ef þú ert eilíf vera, þá átt þú þér hvorki upphaf né endi. Því að “eilíft” er myndað af orði sem þýðir hvorki upphaf né endi. Munið þið ekki að ég sagði frá því í morgun hvernig Melkisedek hitti Abraham, þegar hann var á leiðinni heim frá því að eyða konungunum. Og Biblían segir í Hebreabréfinu 7, að Leví hafi greitt Melkisedek tíund meðan hann var enn í lendum Abrahams. Abraham gat Ísak, Ísak gat Jakob og Jakob gat Leví. Þeir voru faðir hans, afi og langafi. Og meðan Leví var enn í lendum langafa síns, greiddi hann Melkisedek tíund. Talandi um það sem er eilíft... ja hérna.

34 Hann sagði aldrei að hann hefði gert þetta sem einhverja skuggamynd, að þetta hefði verið sýndarverk, Biblían segir að hann hafi greitt tíund. Svo ef við komum í gegnum rétt sæði, þar sem Páll predikaði fagnaðarerindið, þá var ég þar og þú varst þar. Við munum fara inn í það eftir smástund alveg upp að eyrum. Takið eftir þetta er það sem Ritningin lofar okkur. Það nær jafnvel allar götur aftur í tímann. Hugsid ykkur þetta; Leví, síðan Jakob faðir hans, þá Ísak faðir hans, svo Abraham faðir hans, langa-langafi. Þegar Leví var í lendum langa-langafa síns, greiddi hann tíund til Melkisedeks.

35 Mig langar að spyrja þig út í Jobsbók kafla 38 þegar Hann sagði: “Hvar varst þú þegar ég grundvallaði jörðina... þá er morgunstjörnurnar sungu gleðisöng allar saman og allir guðssynir fögnuðu?” Hverjir voru þessir synir Guðs sem fögnuðu? Jesús sagði þeim: “Ég fagnaði með ykkur fyrir grundvöllun heims.” Við erum ekki tímabundnar verur. Við erum eilífar verur. “Enginn getur komið til mín, nema faðirinn dragi hann. Og þeim sem til mín koma gef ég eilíft líf og ég reisi þá upp á efsta degi. Enginn getur slitið þá út hendi föðurins. Hann gaf mér þá.” Hvernig getur þú þá tapað, sjáðu til. Þú ert óttasleginn. Þú hleypur um allt og það er besta sönnunin fyrir því að þú hefur ekki komist neitt ennþá. Það er alveg rétt.

36 Hvernig getur Guð frelsað þig ef Hann... hve margir í þessum söfnuði vilja rétta upp hönd og trúna að Guð sé óendanlegur? Vitið þið hvað orðið óendanlegur þýðir? Það er einfaldlega fullkomið. Það er ekki hægt að útskýra orðið óendanlegur. Hefur þú einhvern tíma stillt myndavélina þína á endalaust? Það þýðir héðan í frá. Það þarf ekki lengur að stilla hana. Þannig er Guð. Hann er óendanlegur. Og ef Hann er

óendanlegur þá er ekki til sú býfluga eða bjalla eða mús né nokkuð annað á jörðinni, að Guð hafi ekki vitað af því fyrir grundvöllun heimsins. Þetta gefur dálitla hugmynd um “óendanlegur”.

37 Nú, þessi óendanlegi Guð sem frelsar þig hér, vitandi það að Hann mun glata þér í næstu viku, eða næsta mánuði eða á næsta ári, Hann væri að fara gegn sjálfum tilganginum. Hann getur ekki glatað þér. “Sá sem heyrir Orð mín og trúir þeim sem sendi mig hefur eilíft líf og kemur ekki til dóms, heldur er hann yfirstiginn frá dauðanum til lífsins.” Hann gæti það ekki. “Sá sem er af Guði fæddur drýgir ekki synd því það sem Guð hefur í hann sáð varir í honum og hann getur ekki syndgað.” Hvernig getur hann syndgað þegar búíð er að fórna fyrir syndir hans? Hvernig get ég verið veikur ef heilsa mín er góð? Hvernig get ég verið blindur ef ég get séð? Hvernig get ég verið bæði inni og úti á sama tíma? Hvernig get ég verið edrú og drukkinn á sama tíma? Það er ekki hægt. Og ef þú ert frelsaður þá ert þú undir friðþægingunni og syndir þínar eru þér ekki tilreiknaðar.

38 Sagði ekki Davíð: “Sæll er sá maður sem afbrotin eru fyrirgefin. Sæll er sá sem Hann tilreiknar ekki synd.” Guð tilreiknar þessum einstakling ekki synd. Það er kröftugt. Þetta er ekki mjólk heldur Biblían. Guð tilreiknar ekki hinum réttlátu synd. Guð vill ekki í náð sinni og fyrirhugun að neinn glatist, heldur að allir komist til iðrunar. En þar sem Hann er alvitur þá veit Hann hverjir munu koma eða ekki koma og Hann fyrirhugaði hvernig allt myndi ganga fyrir sig, samkvæmt vilja sínum. Ef Hann gerði það ekki, hvers vegna leyfði Hann þá syndina til að byrja með? Hefði ekki verið til syndari hefði Hann ekki verið Frelsari. Sá eiginleiki Hans hefði ekki fengið að njóta sín.

39 Hvernig varð Hann að Græðara? Vegna þess að Hann leyfði að sjúkdómar yrðu til, svo að Hann gæti sýnt sig sem Græðara. Hann var Græðari en hvernig hefði það getað orðið kunnugt? Hvernig hefði Hann orðið þekktur? Hvernig hefði sá eiginleiki Hans fengið að starfa? Hvernig gæti Hann verið Græðari, ef aldrei væru til sjúkdómar? Hann varð að leyfa sjúkdóma.

40 Það er engin furða að Páll skuli segja í Rómverjabréfinu 9. kafla: “Þú fávís maður sem ætlar að segja leirkerasmiðnum fyrir verkum.” Þegar leirinn segir: “Af hverju gerðir þú mig svona?” Reisti Hann ekki faraó upp í sama tilgangi, til að auðsýna dýrð sína á Egyptalandi? Hann forherðir þann sem Hann vill og réttlætir þann sem Hann vill. Það er ekki komið undir vilja mannsins eða áreynslu heldur Guði sem miskunnar. Svo þú hefur ekkert með það að gera. Þú þarft ekkert að gera. Ef það er náð. Ef það er ókeypis gjöf, þá getur þú ekkert gert í málinu. Guð hefur gefið þér það og það er vilji Guðs. Það er þetta sem Guð hefur fyrirhugað fyrir þig.

41 Biblían segir að við séum fyrirhuguð síðan fyrir grundvöllun heimsins, til að vera synir og dætur Guðs gegnum barnarétt (ættleiðingu). Þegar Guð slátraði lambinu fyrir grundvöllun heimsins til að láta reyna á eiginleika sína, hvað Hann væri — þegar lambinu var slátrað var okkur slátrað ásamt því. Þegar Hann festi sér blóð lambsins í huga fyrir grundvöllun heimsins, voru nöfn okkar rituð í bókina einmitt þá. Allt í Hans mikla huga. Hann er óendanlegur. Ef Hann gerði þetta ekki, hvers vegna leyfði Hann það þá?

42 Hvort er máttugra, eins og ég sagði áðan, Frelsarinn eða syndarinn? Hvor hefur meiri styrk? Þá varð sá sem er meiri, að leyfa þann sem er minni. Og Hann gerir það aðeins sér til dýrðar. Þegar Hann skapaði Lúsífer, vissi Hann að hann myndi verða djöfullinn. Og Hann varð að leyfa þessu að vera til, til að sýna að Hann væri Frelsarinn, Kristur. Hann varð að láta það verða á þann hátt. Segir ekki Biblían að allt samverki til góðs fyrir þá sem Guð elska? Við hvað ertu þá hræddur? Stöndum upp og berjumst af heilu hjarta í hverri raun. En verum ekki eins og heimskir nautgripir, sem verður að hvetja og reka áfram. Vertu hetja. Það líkar mér. Stígðu fram.

43 Það er lítið ljóð sem hjálpaði mér mikið þegar ég var lítill. Það hljómar einhvern vegin svona:

**Það var einn heiðursrómverji
á tímum rómarkeisara
sem heyrði froskinn kvaka
fyrir framan kastalann:
Ó, það er öruggt hér uppi í tré
enginn það skekur, það ég sé.
Ó nei, sagði hetjan mikla
ég finn leið ellegar bý ég hana til.**

Svona er það. Það er alveg rétt.

44 Ef Biblían kennir að Jesús Kristur sé í gær og í dag hinn sami og um aldir... Það var ekki auðvelt þegar ég var að fara út úr þessari kirkju dag nokkurn og allir voru að segja mér að þetta eða hitt myndi gerast. “Þú verður álitinn ofstækismaður og þér varpað í fangelsi. Og læknasamtökin munu fara gegn þér.” En Guð sagði mér að gera þetta. Biblían sagði að Hann myndi gera þetta. Og nú brenna vakningareldar hjá hverri þjóð undir sólinni. Það er alveg rétt. Standið með því. Haltu þér við það. Eigðu þér tilgang í hjarta eins og Daníel. Haltu þér fast við Guð.

**Hvernig tekst þú á við vinnuna á hverjum degi?
Ert þú hræddur við verkið sem þú finnur?
Getur þú staðið fyrir því verki sem framundan er?
Hefur þú þreyttan og tóman huga? (Slíkt ástand hata ég)
Eða stendur þú keikur frammi fyrir verkinu?
Eða lædist óttinn alltaf í gegn?
Ef svo er, taktu á því næsta sem gefst
og hugsaðu þér að þú getir leyst það af hendi?**

Stattu með því. Vissulega. Eigðu tilgang í hjarta þínu líkt og Daníel.
Stattu með Guði.

45 Hvar gerðist allt þetta og hvar átti það sér stað? Hvað gerir fólk svona. Hvers vegna erum við næstum komin að því að verða eytt? Bróðir Branham, útskýrðu það fyrir mér. Hvað fær þig til að halda að allt verði brátt afmáð? Því var eytt einu sinni áður í flóðinu. (Nú koma bráðum mjög djúpir hlutir. Og gerum okkur tilbúin til að lesa.)

46 Ég vil að þið flettið nú með mér yfir í 1. Mósebók og 3. kafla. Ef þig langar til að fá eitthvað að vita get ég sýnt þér í 1. Mósebók hvernig sérhver sértrú og sérhver

ismi og allt sem við höfum í dag átti upphaf sitt í 1. Mósebók. Hverjir vita að Genesis þýðir upphafið? Vissulega. Við finnum kaþólsku kirkjuna í 1. Mósebók eða Babýlon. Nimrod var stofnandinn. Við finnum hana í miðri Biblíunni og við finnum hana síðast í Biblíunni. Við sjáum að þeir reyndu að innleiða kvenprédikara í upphafi Biblíunnar með því að tilbiðja litlar stytur gerðar úr rótum.

Hverjir hafa lesið bók Hislops: “Saga hinna tveggja Babýlonríkja?” Allt í lagi. Það kemur í ljós að í þessum sögum er kona... Og þið munið að Jakob stal goðum föður síns og kona hans faldi þau undir sér. Og hann fór með þau út í eyðimörkina og það saurgaði herbúðirnar seinna meir.

Allt í lagi. Lesum nú í 1. Mósebók:

“Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: ‘Er það satt, að Guð hafi sagt: ‘Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?’”

Þá sagði konan við höggorminn: “Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, ‘af honum,’ sagði Guð, ‘megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja.’”

“Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja! En Guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og ills.”

Sjáið hvernig þessir náungar eru að reyna í dag að taka burt úr Biblíunni. “Er ekki alveg eins auðvelt að dreypa vatni og að hella því eða gera þetta svona eða svona.” Nei takk. Guð setti fram ákveðna forskrift og henni eigum við að fylgja.

“En er konan sá, að tréð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún af ávexti þess og át, og hún gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. Þá lukust upp augu þeirra beggja, og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fikjuviðarblöð og gjörðu sér mittisskylur.”

⁴⁷ Mig langar til að nema hér staðar um stund. Það hlýtur að vera til upphaf á öllum hlutum. Þú áttir þér upphaf. Mig langar að byggja þetta á því sem við höfum verið að tala um síðustu tvær samkomur. Í morgun fórum við í 1. Mósebók og færðum í leikrænan búning, þegar Guð var að skapa jörðina og Hann skapaði lofttegundirnar sem urðu svo að kalki og pottösku og mismunandi hlutum. Hann var að skapa líkama þinn. Hann var að leggja grunninn eins og byggingameistari gerir þegar Hann byggir hús. Hann var að búa til líkama okkar og Hann vissi nákvæmlega hvernig hann vildi hafa hann. Þessi hönd. Guð skapaði þessa hönd meðan Hann var að skapa heiminn. En anda minn skapaði Hann fyrir grundvöllun heims. En þessa hönd og þennan líkama skapaði Hann þegar Hann skapaði heiminn vegna þess að þessi líkami er kominn af moldu og verður aftur að moldu. Guð skapaði þetta. Hann ákvað það allt í sinni miklu áætlun. Nú, Hann skapaði manninn og maðurinn leit ekki alveg rétt út.

⁴⁸ Í morgun fluttum við lítinn leikþátt um það, hvernig Faðirinn steig niður og leit á son sinn sem var skapaður í Hans mynd og svo framvegis. Síðan gerði Hann handa honum konu, meðhjálp. Munið nú að Adam hafði gefið öllum lífverum jarðarinnar nafn. Guð hafði skapað nautgripina og villidýrin og allt saman. Og í dag hafa fornleifafraeðingar og alls kyns vísindamenn reynt að finna týnda hlekkinn í meira en sex þúsund ár. Maðurinn er

lífvera, sem líkist dýrum við vitum það. Og konan er bara hluti af karlmanninum, viðbótarframleiðsla. Konan var ekki í upphaflegu sköpuninni. Guð hafði ekki skapað neitt árum saman, þegar hann skapaði konu úr rifbeini úr síðu hans (Adams).

49 Adam var búinn að nefna alla sköpunina og allt saman. En það var ekkert fyrir hann sjálfan. Svo Guð gerði handa honum meðhjálp. Hann tók rifbein úr síðu hans, lokaði sárinu og gerði honum meðhjálp. Og maðurinn var bæði karlmaður og kona í anda sínum og konan er bara hluti af mannum.

Og þegar karlmaður kvænist og hún er konan hans á réttan hátt — er kona af Guði gefin, þá verður hún honum bara eins og hluti af honum sjálfum.

50 Þess vegna eru svo mörg brot í hjónaböndunum. Það er vegna þess að þú ferð út og sérð einhverja stúlku með falleg brún augu eða blá eða eitthvað svoléiðis eða þá einhverja vel vaxna og þú fellur fyrir henni. Þegar hún er búin að eignast fyrsta barnið fara tennurnar að losna og hún verður hrukkótt og gömul og þá langar þig að reka hana burt.

Og sumar af ykkur konunum finnið einhvern ungan pilt með hrokkið hár, sem mun allt detta af, ég veit það af eigin reynslu. En hvað gerist? Hvað er þetta? Þú fellur fyrir því. Þú ættir að biðja fyrst, vegna þess að konan er hluti af þér. Og hafir þú tekið þér konu í fang og gert hana að eiginkonu þinni og hún hefur áhrif á þig. (Við ætlum að segja þetta þannig að þú getir skilið það.) Og hvaða önnur kona sem er í þessu fangi mun ekki passa við þau áhrif. Og Guð mun kalla þig til ábyrgðar á því. Mundu það bara.

51 Og þú sem ferð út með eiginkonu einhvers annars... Ég heyrði í dag um litla stúlku hér í bæ, veslingurinn. Og einhver fjárhættuspilari er að kaupa handa henni fín föt og alls kyns eitthvað og leikur sér svona að henni. Aðeins rotta myndi gera svona lagað. Það er ekki einu sinni mannlegt. Þú veist að hundur er ekki svona lítilmótlegur og samt kallið þið kvenkynshundinn tík. Siðferði hennar er betra en margra kvennanna hérna í Jeffersonville. Og þið kallið kvenkynssvínið gyltu. Hún hefur betri siðferðisvitund en konurnar hérna í Bandaríkjunum — margar hverjar. Og það er alveg rétt.

Nú ég veit að þetta er óheflað og ég sagði ykkur að ég myndi koma þessu til skila og ég vil að þið vitið þetta. Og þetta er alger sannleikur. Jafnvel eldri konur nú til dags vita ekki einu sinni hvað siðgæði er. Þær segja: “Þetta særir ekki samvisku mína.” Nú þú hefur enga samvisku. Takið eftir. Vissulega, ef einhver veit hvað er rangt og hvað er rétt...

52 Takið nú vel eftir. Þegar maðurinn hafði verið skapaður skipti Guð anda hans í tvennt og tók hluta af síðu mannsins og Hann skapaði úr honum konu. Síðan tók Hann kvenlega og fíngerða hlutann af anda mannsins og gerði úr honum konu. Hann gerði karlmanninn karlmannlegan og íturvaxinn. Og ef þú sérð karlmann vera að snyrta neglurnar á sér eða hvað sem það er kallað og vera með opinn munn og slétta hárið með fingrunum og svoléiðis hluti, einn af þessum sætu stráku, þá mundu bara, systir, að það er eitthvað að þeim fugli. Þér er fyrir bestu að gæta þín á honum.

53 Og þegar þú sérð konu með sígarettu í öðru munnvikinu og hún gengur í smekkbuxum og talar karlmannlega. Þá varaðu þig á þeirri gellu, bróðir. Það er eitthvað að henni.

Kona á að vera kona og hún á að klæða sig eins og kona. Þegar Guð skapaði manninn

gerði Hann karlmanninn á ákveðinn máta og konuna öðruvísi. Og þegar Guð klæðir karlmanninn, klæðir Hann hann á einn máta og konuna á annan. Og Biblían segir að það sé viðurstyggð fyrir konu að ganga í karlmannsfatnaði.

54 Og þið þarna konur sem klæðið ykkur í þessar buxur og slíkt. Og gangið í þessum (hvað kallið þið þetta?) pokabuxum og þannig flíkum. Ekki stuttbuxur, heldur smekkbuxur og svoleiðis.

Og þær segja: “Þetta er fyrir dömur.”

Ég sagði: “Það er rangt hjá ykkur. Dömur ganga ekki í svona flíkum. Ef til vill konur, en dömur gera það ekki.” Það er rétt. Biblían sagði að það væri viðurstyggð fyrir konur að ganga í karlmannsfötum... og fyrir karlmann að ganga í kvenfatnaði. Og karlarnir eru að verða meira og meira kvenlegir með hverjum deginum sem líður og konurnar karlmannlegri. Hvað er að? (Við munum komast að því eftir nokkrar mínútur gegnum Biblíuna.) Konur eru ekki lengur konur. Ég á ekki við ykkur kristnu konur, heldur konur almennt talað. Þær vilja hegða sér eins og karlmenn, klippa hár sitt eins og karlmenn, setja höndina upp á barborðið og syngja: “Guð blessi Ameríku,” með sígarettuna í munnvikinu.

55 Þær fara út á götu og aka um á þjóðvegnum. Við töldum... mig langar að segja ykkur frá dálitlu. Og þið kvenbílstjórar... hlustið nú á mig. Við Billy Paul höfum ferðast um og haldið samkomur síðustu sex mánuði. Ég taldi öll óhöpp sem urðu á vegunum. Getið upp á því hvað kvenbílstjórar báru ábyrgð á mörgum af um 300 óhöppum. Aðeins 19 karlar höfðu valdið slysi en 281 kona.

Ég er ekki að segja að ekki séu til konur sem eru góðir bílstjórar. En hún beygir bara í hvaða átt sem er. Og reyndu bara að ná til hennar. Ef hún lítur vel út og stendur þarna og lagar hárið þegar löggan kemur. Hann segir þá: “Þú varst vissulega í órétti...” Við höfum engin lög. Þeir sönnuðu það um daginn í þessu skattamáli sem ég á í. Við höfum engin lög. Það eru...

56 Það er engin furða að láverðir Englands hafi sagt: “Lýðræðið er tóm segl og ekkert akkeri.” Það er rétt. Að standa á sápuvassa í kosningabaráttu. Lýðræðið er rotið og það eru einræðisherrar líka og þeir allir saman. Það er ekkert annað fyrir Guð að gera en að eyða þessu öllu eins og Hann sagðist myndu gera og byrja upp á nýtt.

57 Takið nú eftir hve nærri þið eruð komu Hans. Nú, þegar þessi kona... Hann gerði honum meðhjálp og hún átti að vera honum meðhjálp.

Og síðan... ég hef ekki enn fundið einn prédikara sem er þessu sammála. Og þeir reyna að láta þetta vera einhvern vegin öðruvísi en það er ekkert vit í því finnst mér. Þeir reyna að segja að Adam og Eva hafi borðað epli. Bróðir, ef... ég segi þetta ekki til að grínast, en ef það að borða epli fær konu til að gera sér grein fyrir því að hún er nakin, þá er best að við förum að útbýta eplunum á nýjan leik. Þú veist að það er rétt. Veistu, það að borða epli var ekki það sem þau gerðu, til að þau gerðu sér grein fyrir að þau voru nakin. Vissulega var það ekki svo. Það hlýtur að hafa verið eitthvað kynferðislegt, vegna þess að eftir að þau höfðu etið af þessum forboðna ávexti, gerðu þau sér grein fyrir að þau voru nakin.

Er ekki konan ávaxtatré? Ert þú ekki ávöxtur móður þinnar? Það var ávöxturinn sem bannað var að taka.

58 Nú, þetta er merkilegur hlutur. Það næsta sem vísindin hafa komist í átt að því að vita hvað mannleg vera er... Þeir grafa upp gömul bein — steingervinga og þeir

taka hausjúpur, handleggi og bein og reyna að láta það líkjast manneskju. Og þeir vita að það sem er næst manningum er simpansi. Hann er sú tegund sem líkist manningum mest. En það er samt ekkert í líkingu við mann.

Lægsta mynd dýralífsins er froskur og sú hæsta er maðurinn. Guð byrjaði á botningum og skapaði þar til það líktist mynd Hans sjálfs. Hann leiddi það fram frá fuglum og dýrum og allt þar til Hann var kominn að mynd Guðs. Hann skapaði manninn í þeirri mynd. Það er hæsta myndin. Lægsta myndin er bara eitthvað sem varð að halakörtu og svo framvegis.

59 Þeir geta ekki fundið týnda hlekkinn... fylgist nú með í Ritningunni... mörg ykkar verðið ósammála þessu, en ég vil að þið íhugið þetta og séuð ekki fordómafull gagnvart því.

Hlustið nú. Ég veit að sum ykkar hafið verið að hlusta á dr. DeHaan. Og ég kann vissulega að meta hann. Hann er góður bróðir í Baptistahreyfingunni. Og hann er klárari og vitrari og hefur gleymt meiru en ég vissi nokkurn tíma, vegna þess að hann er doktor í guðfræði og læknir og hann er líka doktor í vísindum. Hann er klár maður. En hann segir að þegar synir Guðs sáu að dætur mannanna voru fagrar, þá tekur hann afstöðu með Jósefusi og segir að þeir hafi þröngvað sér í mannlegt hold og tekið sér konur. Og það voru risar í landi Nóds og þeir tóku sér konur og bjuggu með þeim þegar synir Guðs, fallnir englar, tóku sér konur meðal dætra mannanna. Og kynhvötin hafi verið svona stórt atriði. Og samt voru þeir syndugir eftir fallið og þröngvuðu sér í mannlegt hold.

Ef þeir gerðu það, þá spilla þeir fyrir guðlegri lækningu. Þeir spilla fyrir öllu öðru. Ef djöfullinn getur skapað, er hann jafn Guði. Djöfullinn getur ekki skapað. Sýndu mér einn stað þar sem stendur, að djöfullinn geti skapað. Hann getur ekki skapað. Hann afbakar bara það sem býið að skapa. Hann er enginn skapari. Hann afbakar.

60 Nú, hvað gerðist þá? Hér er mín útgáfa af þessu. Hér er týndi hlekkurinn. Þeir hafa simpansann, en simpansi getur ekki fjölgað sér með konu og eignast barn. Menn og dýr geta ekki alið af sér afkvæmi saman. Það blandast ekki.

61 Þegar ég var í Afríku... og þeir fara rosalega illa með veslings litaða fólkið þar. Einhver sagði við mig: “Þau eru ekkert nema dýr.”

Ég sagði: “Afsakaðu mig, en þau eru alveg eins mikið menn og þú, ef til vill örlítið meiri menn.” Ég segi ykkur að ef einhver hefur svona viðhorf þá er hann að hverfa aftur til dýranna. Ég sagði: “Þessi maður, enda þótt hann sé svartur eins og spaðaás eða gulur eins og grasker eða eins blár og himininn þá gæti hann bjargað lífi þínu með því að gefa þér blóð. En aldrei láta neinn gefa þér dýrablóð. Vissulega er hann maður.

62 Það hefur ekkert með málið að gera þótt hörundslitur eins sé svartur eða brúnn og annars gulur. Biblían segir að Guð hafi skapað alla menn af einu blóði. Og það er fullkomlega rétt.

Staðir sem við dveljum á, valda því að húðlitur okkar breytist, hefur þannig ekkert með þetta [sköpunarlega séð] að gera. Guð skapaði allar þjóðir með sama blóðið. Svarti maðurinn getur ekki sagt: “Hann er Kínverji. Hann er gulur og ég vil ekkert eiga saman við hann að sælda.” Hann er bróðir þinn. Og hvíti maðurinn getur ekki sagt við gula manninn eða þann svarta: “Ég vil ekkert eiga saman við þig að sælda.” Hann er bróðir þinn. Það er fullkomlega rétt.

63 Takið nú eftir. Þetta er það sem átti sér stað. Ég trúi og ég get stuðst við Biblíuna í því samhengi, að það hafi verið höggormurinn sem gerði þetta. Höggormurinn er týndi hlekkurinn milli simpansa og manns, vegna þess og takið nú eftir: Höggormurinn var ekki skriðdýr. Hann var slægari en nokkuð annað dýr merkurinnar.

Ég fór og náði í orðabók til að fletta upp orðinu slægur. Það þýðir vís eða vitur. Og besta túlkunin á orðinu er að finna í hebreska orðinu “mahah” sem þýðir að hafa sanna þekkingu á grundvallaratriðum lífsins.

64 Fylgist nú með. Hann er vís og slóttugur. Samt er hann kallaður höggormur. En munið, hann var sá slægasti sem til var og líkari mönnum en nokkurt annað dýr merkurinnar og hann var... Biblían segir að hann hafi verið fallegastur af öllum. Og meira að segja bölvunin tók ekki frá honum fegurðina. Snákurinn hefur hina fegurstu liti. Og hann skríður um með yndisþokka og hann er slægur. Meira að segja bölvunin tók það ekki frá honum. En Guð sagði honum að fætur hans myndu hverfa og hann skríða á kvið sínum. Og það finnst ekki eitt bein í höggorminum sem líkist hinum mannlegu. Þess vegna eru vísindin vegvillt með þetta. En þarna er hann kominn.

65 Guð huldi þetta fyrir spekingum og hyggindamönnum, en hann lofaði að opinbera það sonum Guðs á síðustu tímum, þegar synir Guðs myndu koma í ljós. Þegar synir Guðs sem fögnuðu með honum fyrir grundvöllun heimsins — þegar hin mikla opinberun um guddóminn og allt þetta yrði komið fram á síðustu tímum, myndi hann opinbera þetta sonum Guðs. Þið vitið að Ritningin kennir það. Og hér erum við nú stödd. Það er ástæða þess, að Guð er að opna þessa hluti fyrir okkur. Guð er að láta börnin sín verða augljós. Hann fer ofar mannlegri þekkingu og yfir í andlega opinberun og leiðir þetta fram.

Höfum við ekki verið að kenna úr Biblíunni: “Þeim sem er vitur...” Ekki hvað maðurinn getur lært í skóla, heldur það sem hann lærir á hnjánum frammi fyrir Guði og það sem Guði þóknast að gefa honum. Synir Guðs orðnir augljósir.

66 Hér er höggormurinn. Og þetta var höggormurinn. Ég ætla að gefa ykkur mína lýsingu á honum. Við höldum uppávið frá froskum, eða halakörtum og síðan áfram þar við komum að öpunum, simpansanum. Og frá simpansanum hoppum við yfir í manninn. Og við veltum fyrir okkur hvers vegna. Vísindin segja: “Við getum ræktað barn gegnum konuna og aþann eða simpansann eða gegnum kvensimpansa og karl.” En það gengur ekki upp. Reynið það með hvaða öðru dýri sem er. Það gengur ekki. Blóðið blandast ekki saman. Það er alveg gjörólíkt. Það er eitthvert blóð þarna á milli og þeir geta ekki fundið það. Ó, hallelúja! Ég er að verða upprifinn í trúnni.

67 Af hverju? Guð huldi það fyrir þeim. Það er ekki eitt bein í slöngunni sem líkist mannabeini. Hann lét það verða svo fjarlægt, að vitrir menn gætu ekki uppgötvað það. Ég ætla að sýna ykkur hvaðan þessi vitri maður kemur. Eða hvar hann er staddur að minnsta kosti. Það er ekki hægt að öðlast það þannig. Það verður að koma í gegnum opinberun. “Þú ert Kristur, sonur hins... á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína og máttur heljar mun ekki á henni sigrast.” Andleg opinberun. Hvernig vissi Abel að það ætti að fórna lambi, frekar en að gera eins og Kain, af ávöxtum jarðarinnar? Það var andlega opinberað honum. Maður öðlast það ekki í skóla. Maður öðlast það ekki gegnum kirkjudeildir. Maður fær það frá himnum.

68 Fylgist nú með höggorminum, þeim sem var í upphafi. Við skulum draga upp mynd af honum núna. Hann er stór og mikill náungi. Hann er mitt á milli simpansa og manns. Og djöfullinn, Lúsifer vissi að það var eina blóðið sem myndi blandast mannlegu blóði. Það var eina veran sem hann gat átt eitthvað við. Hann gat ekki átt við simpansann. Það blóð myndi ekki blandast. Hann gat ekki átt við ýmislegt. Hann gat ekki átt við kindina. Hann gat ekki átt við hestinn. Hann gat ekki átt við neitt af þeim dýrum. Hann varð að eiga við höggorminn. Tökum hann núna og athugum hvernig hann lítur út. Stór og mikill náungi. Forsögulegur risi. Þannig finna þeir öll þessi stóru bein og ég skal sýna ykkur það í Biblíunni. Fylgist nú vel með. Þetta var stór náungi, segjum um þriggja metra hár og herðabreiður. Hann líktist manni í útliti. Og blóð hans — blóðlínan samsvaraði frá einu dýri til annars.

69 Það er hægt að blanda dýrum saman. Þau fegnu æ herra blóðform, eða herra lífsform þar til komið er upp á svið mannsins. En síðasti hlekkurinn hvarf snögglega. Hve margir vita að vísindin finna ekki þennan týnda hlekk? Þið vitið það öll. Nú, þarna er hann kominn, höggormurinn.

Þarna var hann, stór og mikill náungi. Og djöfullinn stígur niður. “Nú get ég komið með innblástur,” segir hann.

Nú, þegar þú horfir á konur og það hvernig konur hegða sér, þá mundu að þú ert smurður af djöflinum, ef það er ekki eiginkona þín. Takið eftir. Djöfullinn steig niður og fór inn í höggorminn og hann fann Evu nakta í aldingarðinum Eden. Og hann talaði um ávöxtinn í miðjunni og svo framvegis. Þið skiljið þetta í blönduðum söfnuði. Og hann sagði: “Það er gott að eta af og fagurt á að líta.”

70 Hvað gerði hann? Hann byrjaði að eiga mök við Evu. Og hann var með henni eins og eiginmaður. Og hún sá að það var gott að eta af, svo hún fór og sagði eiginmanni sínum frá því. En hún var þegar ófrísk eftir Satan. Og hún eignast sinn fyrsta son, Kain, son Satans. Nú, segir þú, þetta er rangt. Allt í lagi, við skulum komast að því hvort það er rangt eða ekki. “Og fjandskap vil ég setja milli þín og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis.” (Sæðis höggormsins.) Hvað þá? Hún hafði sæði og hann hefur sæði. “Það skal merja höfuð þitt, og þú skalt merja hæl þess.” Að merja þýðir hér að friðþægja.

Hér er það komið, sæði höggormsins. Takið eftir og hér koma þessir tveir menn fram. Þessi höggormur, þar sem hann stóð þarna... þessi risastóri náungi stóð þarna. Hann var sekur um að drýgja hór með eiginkonu Adams. Í hverju liggur syndin í dag? Hvað gerir hlutina eins og þeir eru í dag? (Vissulega getið þið náð því um hvað ég er að tala.)

71 Þarna var hann. Og þegar hann var búinn að þessu fór, Guð að kalla á Adam og Evu. Og hann sagði: “Ég er nakinn.”

Og Guð sagði: “Hver sagði þér að þú værir nakinn?” Og síðan fóru þau eins og í hernum, að koma sökinni yfir á hvert annað.

Hann sagði: “Konan sem þú gafst mér fékk mig til að gera þetta. Það var hún sem taldi mig á þetta.”

Og hún sagði: “Höggormurinn gaf mér epli.” Allt í lagi prédikari, farðu nú að athuga þitt mál. Hún sagði: “Höggormurinn taldi mig.” Að tæla þýðir að saurga kynferðislega. Djöfullinn gaf henni aldrei neitt epli. “Höggormurinn taldi mig.” Og síðan kom bölvunin.

72 Hann sagði: “Vegna þess að þú hlustaðir á höggorminn í staðinn fyrir eiginmann þinn og þú tókst lífið frá jörðinni geri ég þjáningu þína mikla og getnaður þinn verður frá eiginmanni þínum...” og svo framvegis. “Og vegna þess að þú hlustaðir á konu þína... ég dró þig upp úr moldinni og til moldarinnar ferð þú á nýjan leik.” “Og höggormur, vegna þess að þú gerðir þetta eru fætur þínir farnir af þér. Á kvið þínum muntu skríða alla þína lífdaga. Og þú munt verða hataður og mold mun verða fæða þín.” Þarna er það komið. Þetta er týndi hlekkurinn.

73 Nú, hér kemur Kain. Fylgjumst nú með eiginleikunum. Hér kemur Kain. Hvað er hann? Hann er kænn kaupsýslumaður. Hann ræktar akurinn, klár og vitur, kænn og trúrækinn, ákaflega trúrækinn. Fylgjumst nú með því hvert eðli hans er. Flæðið með mér í þessu í bara örfáar mínútur til viðbótar. Þarna kemur hann. Hann vill sækja kirkju. Hann reisir Guði kirkju, býr honum fórn, reisir altari og leggur á það blóm og ávexti jarðarinnar. Hann fórnaði Guði því og sagði: “Gerðu svo vel, Drottinn, ég veit að við borðuðum epli. Það olli þessu öllu saman.” (Sumir af afkomendum hans hafa fengið þessa sömu hugmynd. Við sjáum hvaðan hún kemur.)

Hann kom með eplin sín af akrinum, lagði þau á altarið og sagði: “Þetta mun verða friðþæging.”

Guð sagði: “Það voru ekki epli.”

En fyrir andlega opinberun vissi Abel að það var blóðið. Svo hann kom með lamb, hann skar á háls þess og það dó. Og Guð sagði: “Þetta er rétt. Það er þetta sem orsakaði það. Það var blóðið.” (Þið vitið um hvað ég er að tala.) Allt í lagi. Það var blóðið sem gerði þetta. Fylgist nú með.

74 Og þegar Kain sá að ofstækismaðurinn bróðir hans hafði verið viðurkenndur frammi fyrir Guði og að undur og tákn voru að gerast þarna, þá varð hann afbrýðisamur út í hann. Hann sagði. “Við skulum binda enda á þetta núna samstundis.” Lítið á þessa bræður. Lítið á börnin í dag. “Ég er gáfaðri en hann.” Svo hann varð reiður. Hvaðan kom honum þessi reiði? Getur maður sagt að þetta hafi verið reiði? Hann drap bróður sinn. Hann var morðingi. Getur maður kallað Guð morðingja? Og Adam var sonur Guðs. Biblían segir að Adam hafi verið sonur Guðs, þetta hreina upphaf þarna fyrir löngu. Adam var sonur Guðs og þessi afbrýðisemi og öfund og allt það gat ekki komið frá þeirri hreinu uppsprettu. Það hlaut að koma annars staðar frá. Og það kom frá Satan, sem var morðingi frá upphafi. Biblían segir að hann hafi verið það: Lygari og morðingi frá upphafi. Þarna sjáum við það. Og hann myrti bróður sinn.

Og þarna sjáum við táknmynd upp á dauða Krists. En út úr þessu öllu reisti hann upp Set til að koma í hans stað. Dauði, greftrun og upprisa Krists.

75 Og fylgist nú með. Hér koma risarnir ykkar. Síðan fór Kain til landsins Nód. Ef pabbi hans var risavaxinn náungi, hverjum myndi þá Kain líkjast? Pabba sínum. Og hann fór til landsins Nód og tók eina af systur sínum. Það var engin önnur leið fyrir hann. Það voru engar aðrar konur sem gátu komið, aðeins í gegnum Evu. Þeir segja að þau hafi átt sjötíu syni og dætur. Ef það væru engar konur... Biblían skráir ekki fæðingu kvenna, bara karla. Og ef það væru engar aðrar konur en Eva, þá hefði mannkynið dáið út þegar hún dó. Þeir urðu að eiga dætur. Hann varð að giftast sinni eigin systur. Hann fór til landsins Nód og tók sér konu og þegar hann kvæntist henni þarna, þá er það þar sem risarnir koma fram. Þeir eru hinir föllnu synir Guðs sem komu fram í gegnum föður sinn, djöfulinn, í gegnum Kain. Hérna er týndi hlekkurinn þinn.

76 Og fylgist nú með sæði höggormsins. Munið að sæði höggormsins er trúrækið. Fylgist nú með því færast fram á við um stund. Hér kemur sæði höggormsins. Hvað gerðist með þau? Nú ætla ég að lesa dálítið sem ég skrifaði niður síðdegis. Hvað kom í gegnum ættkvísl Abels. Hlustið á þetta.

Allt í lagi. Abel kom og á eftir honum kom Set. Eftir Set kom Nói. Eftir Nóa kom Sem. Eftir Sem kom Abraham. Eftir Abraham kom Ísak. Eftir Ísak kom Jakob. Eftir Jakob kom Júda. Eftir Júda kom Davíð. Eftir Davíð kom Kristur, sem var fullkominn.

77 Fylgist með því hvernig Andi Guðs bjó í Abel. Sjáið hvernig hann bjó í Set. Sjáið hvernig hann bjó í Júda. Sjáið hvernig hann bjó í Davíð. Sjáið sama andann sem kallar í gegnum hið réttláta sæði alla leiðina. Það var sama hvað þeir höfðu gert. Þeir voru fyrirhugaðir.

Lítið á Jakob. Drullus... ég segi þetta ekki til að guðlasta. En Jakob, bragðarefur, sem hangir stöðugt í pilsnum móður sinnar og gerði hitt og þetta. Lítill mömmustrákur. Og hann blekkti föður sinn til að fá blessunina. En hún var honum gefin fyrir grundvöllun heimsins. Vissulega. Hann fór og laug að tengdaföður sínum og setti blettóttar greinar, aspargreinar í vatnið, til að hræða sauðféð svo það myndi eignast flekkótt afkvæmi, til að hann gæti svindlað og eignast allar flekkóttu kindurnar. Guð blessaði hann í því. Það er alveg satt. Vei hverjum þeim sem segir eitthvað vafasamt um Jakob.

78 Þið vitið hvað falsspámaðurinn Bíleam sagði og hann spáði rétt. Hann sagði: “Blessaður er hver sá sem blessar hann og bölvapur sá sem honum bölvar.” “Ég fann þig, Jakob í ókunnugu landi. Eins og örninn vekur upp hreiður sitt vakti ég hann og kallaði hann. Hallelúja!” “Ekki með valdi né krafti heldur fyrir anda minn,” segir Drottinn.

Fylgist með þeim nálgast fullkomnunina. Andinn sem vann í áttina að fullkomnuninni í Kristi, steig niður í hvern og einn ættfeðranna og Hann hélt áfram alla leið. Það var sama hvað þeir sögðu eða gerðu, þeir voru fullkomlega afkomendur hinna réttlátu.

79 Og þegar hinn fullkomni Abraham... dýrð sé Guði. Mér líður bara virkilega vel. Þegar hinn réttláti Abraham hitti Melkisedek, sem var sjálfur Guð... Hver var Melkisedek? Hann var konungurinn í Salem, sem er sama og konungurinn í Jerúsalem, friðarhöfðinginn. Hann var föðurlaus og móðurlaus. Hann átti sér hvorki upphaf daga né endi lífs. Hver sem hann var þá lifir hann enn. Hann fæddist aldrei og hann mun aldrei deyja. Hann var föðurlaus og móðurlaus. Hann átti sér hvorki upphaf daga né endi lífs. Segið mér hver þetta var? Hinn eilífi Guð í því sem við köllum dýrðarlíkama. Það er ekki eins og einhver goðsögn heldur eitthvað sem er opinberað. Eins og þegar hann kom til Abrahams þarna í tjaldinu. Hann kom sem engill og spáði og talaði til Söru. Og hún hló á bak við hann og svo framvegis. Þetta er alveg það sama. Og þarna var hann kominn. Hann hitti Melkisedek og langalangafinn Abraham í sæði hinna réttlátu, greiddi Melkisedek tíund. Og það var tilreiknað langalangafabarninu hans, afkomanda hinna réttlátu.

80 Nú, hér kemur sæði höggormsins. Munið að það mun verða fjandskapur eða stríð á milli þeirra. Afkomendur höggormsins koma og hver er afurð þeirra? Tökum fyrstu árin. Fylgist með því hvað á sér stað hjá þeim. Við skulum lesa um það í gegnum tíðina því ég var að enda við að fletta því upp.

Afurðin af sæði höggormsins var Kain. Kain fór til landsins Nód, gat af sér risa og síðan komu þeir til lands Nóa. Þeir voru vísir, menntaðir og klárir einstaklingar. Er

það ekki rétt? Þeir voru byggingameistarar, uppfinningamenn og vísindamenn. Það var ekki í gegnum sæði hinna réttlátu, heldur í gegnum sæði Satans, höggormsins. Þeir voru slíkir menn sem vísindamenn, byggingameistarar og miklir menn, menntamenn. Ritningin segir það. Þeir unnu úr eir og þeir unnu úr járn, þeir unnu úr málmum. Þeir fundu upp hluti. Þeir stældu ýmsa málma og þeir reistu hús og svo framvegis. Ritningin segir það. Og þeir hæddust að sæði konunnar, Nóa hinum réttlátu. Ekki satt?

81 Fylgjum þeim eftir örlítið lengra. Komum með þeim að örkinni. Öllu var eytt. Syndin var orðin svo mikil. Og þeir tóku völdin, voru vísir og klárir, þar til Guð leit niður. Það voru ekki margir eftir, svo Hann tók bara Nóa og fjölskyldu hans í örkina og lét regnið koma og eyddi þessu öllu saman. Hann hafði áður hrifið Enok burt, ekki satt? Þarna voru allir afkomendurnir, næstum því allir. En Hann á sér tilgang sem verður að ganga í uppfyllingu.

82 Nú, Nói og synir hans, Sem, Kam og Jafet, voru af hinni réttlátu ættkvísl. Hvernig komst hin ættkvíslin yfir um? Sæðið komst yfir í örkina eins og það gerði í upphafi, í gegnum konuna, eiginkonur þeirra. Þær báru með sér sæði Satans inn í örkina alveg eins og Eva tók við sæði Satans til að fæða Kain — gegnum konuna. Og þið leyfið konur í púltunum ykkar sem prédikara og Biblían fordæmir það. Páll sagði: “Ef nokkur þykist spámaður vera eða gæddur gáfum andans, hann skynji, að það sem ég skrifa yður, er boðorð Drottins. En ef hann vill vera fáfróður þá veri hann fáfróður.”

83 Þess vegna gekk ég út úr Baptistakirkjunni þarna niðurfrá. Ég held að bróðir Fleeman sem var hérna fyrir ekki svo löngu síðan, hafi verið þar þetta kvöld. Dr. Davis sagði: “Þú átt að standa þarna og skipa þessar konur sem prédikara.” Ég sagði: “Ég mun svo sannarlega ekki gera það.” Hann sagði: “Nú, þá rekum við þig.” Ég sagði: “Ég hef verið rekinn burt úr betra en þessu.” Ég sagði: “Þetta er Orð Guðs og það fordæmir þetta. Og ég get ekki staðið með því sem Guð fordæmir.” Svo sannarlega ekki. Hver sem það gerir sýnir að hann sé falskennari, falsspámaður. Biblían sagði að þeir myndu vera það. Blekkja hina útvöldu ef orðið gæti. Þarna hafið þið það.

84 Takið eftir þessu núna. Og út úr þessu öllu kom Kam. Kam með konuna sína og þau öll. Það var lögð bölvun á þau öll. Af Sem kom Nimrod, sem byggði Babýlon. Út af Babýlon kom kaþólska kirkjan eða upphaf hennar. Það gekk áfram í gegnum Akab og frá Akab til Júdasar Ískaríot. Og það batt endahnúttinn á það. Andkristurinn. Og á síðustu dögum er hér kominn andi Andkristisins og Andi Kristis. Andi Andkristisins segir: “Dagar kraftaverkanna eru liðnir.” Andi Kristis segir: “Hann er hinn sami í gær, í dag, og um aldir.” Andi Andkristisins segir: “Það er sama hvort þú ert skírður í nafni Föður, Sonar eða Heilags anda, það er hellt á þig vatni eða skvett eða hvernig sem það nú er. Það þýðir það sama.” Biblían segir að Guð sé óskeikull og að Hann breytist ekki. Hverjum vilt þú þjóna? Þú ræður því.

85 Þú segir: “Geta þeir dvalið saman?” Þú sagðir að þeir hefðu verið í örkinni, bróðir Branham. Þú hafðir bæði Kam og Sem þar. Það er alveg rétt, nákvæmlega rétt. Kam var illur. Sem var trúaður og réttlátur. Allt í lagi. Fylgjum Kam eftir. Allt í lagi. Hér eru Sem og Kam í sömu örk, annar réttlátur og hinn óréttlátur. Það var kráka og

dúfa í sömu örk. Það var Júdas og Jesús í sömu kirkju. Það var Andkristurinn og Heilagur andi í sömu kirkju. Og í dag eru sömu andar að störfum. Hafa á sér yfirskyn guðhræðslunnar, mjög trúræknir, en: “Þeir hafa á sér yfirskyn guðhræðslunnar en afneita krafti hennar. Snú þér burt frá slíkum.”

86 Heilagur andi staðhæfir að Jesús Kristur sé í gær og í dag, hinn sami og um aldir. Með hvorum ætlar þú að taka afstöðu? Andkristurinn segir að þetta sé bara bók kredna. “Við endurtökum nú hina postullegu trúarjátningu.” Ég skora á hvaða prédikara sem er, að segja mér hvar hin postullega trúarjátning finnst í Biblíunni. “Ég trú á Guð föður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trú á einkason hans Jesú Krist... Ég trú á hina heilögu (rómversk-) kaþólsku kirkju, samneytið við dýrlinga (the communion of saints)...” Hvar fyrir finnst þetta í Biblíunni? Og samt endurtakið þið þetta í Baptistakirkjum ykkar og Meþódistakirkjum. Þetta er kenning djöfulsins og falsspámennt kenna hana.

87 Ég vona að ég særi ekki tilfinningar ykkar. En ég vil koma þessu á hreint hér í þessum söfnuði. Þið hér í kirkjunni Branhamtjaldbúðin haldið þið ykkur frá slíku. Hver sem boðar samneyti við dýrlinga er að boða spíritisma. Einn er meðalgangari milli Guðs og manna og það er maðurinn Jesús Kristur. Mér er sama hve margar Maríur eru til.

Sjáið þið hvað sæði konunnar gerði þarna fyrir löngu? Sjáið þið hvernig sæði konunnar var borið áfram? Lítið á Ameríku í dag. Ameríka er sæti djöfulsins. Hvað er það? Hún er konuþjóð. Þið hafið heyrt: “Þetta er konuheimur.” Það er alveg rétt. Þetta er þjóð kvennanna. Þær koma með mynstrið.

88 Fyrir ekki alls löngu fór ég til Sviss. Konurnar þar sögðu... ein lítil Heilags anda kona sagði: “Vitið þið, ef ég fer til Ameríku, þá segja þeir þar að konurnar eigi frelsi.”

Ég sagði: “Ég skal segja þér til hvers það mun leiða.”

Ég fór að segja henni frá því. Hún sagði: “Æ, miskunn, ég vil ekkert af þessu.” Ég sagði: “Það mun leiða til þessa.” Þú veist að þeir gera ekki hlutina þar eins og við gerum þá hérna. Hvað er það?

89 Ég skal sýna ykkur að Ameríka er kona. Á myntinni okkar er mynd af konu. Allt hér er kona. Segið mér að það sé ekki fjöldi af leynivínsölum í borginni. Setjið 40 leynivínbúllur í borgina og 3 hórur, velútlítandi konur sem dansa niður götuna. Þær myndu senda fleiri til helvítis fyrir að girnast þær, en allar þær leynivínsölur sem þú gætir hrúgað niður í borgina. Það er alveg rétt. Hver er það þá? Það er kona. Hvað er hún? Hún er Guð Ameríku.

90 Tökum sumar af þessum eldri kvikmyndaleikkonum. Þær hafa verið giftar fjórum eða fimm sinnum og eru með þremur eða fjórum eiginmönnum á sama tíma. Og sum af þessum tímaritum afhjúpa þetta og segja frá þessu. Og taka myndir af þeim nöktum einhvers staðar úti á lífinu. Og þið, litlu stúlkur, takið ykkur það til fyrirmyndar? Af hverju? Af því mamma ykkar á undan ykkur eða ef til vill amma ykkar...

Sjáið þið hvar sæði höggormsins starfar? Og hvað það hefur gert? Ef siðleysisins er vitjað í 14 kynslóðir[4 kynslóðir + 10 kynslóðir] samkvæmt lögmálinu, hve oft verður þess þá vitjað í dag? Þegar afkomendur hinna réttlátu eru að komast á

leiðarenda og Guð sagði að sá tími myndi koma að ef Hann ekki stytta dagana myndi enginn komast af. Við erum á endatímumunum.

91 Leitið hina réttlátu uppi í dag. Farið í gegnum borgina. Ó, þið mynduð finna safnaðarmeðlimi alveg eins trúfasta Baptistum eða Öldungakirkjunni og mögulegt er. En þeir hafa ekki meira með Guð að gera en héri sem ætlar að fara á skíði. Þeir vita ekkert um það. Þeir vita bara þetta:

“Ertu kristinn?”

“Ég er kaþólskur.”

“Ertu kristinn?”

“Ég er í Öldungakirkjunni.”

“Ertu kristinn?”

“Ég er í Hvítasunnukirkjunni.”

Það hefur ekkert með það að gera. Þú ert kristinn vegna þess að Guð frelsaði þig fyrir náð sína. Og þú veist það og eitthvað hefur breytt lífi þínu. Líf þitt er nú orðið öðruvísi og þú ert ný sköpun í Kristi Jesú.

92 Vissulega, en sjáðu hvar sæði höggormsins... hvað var sæði höggormsins? Hórdómur. Skilur þú? Hórdómur með Evu. Hvað gerðist með það? Hver var orsakavaldurinn að því? Hvað er það í dag?

Lítið á þetta þarna fyrir nokkrum árum þegar fyrsta lagið kom út. Þið eldra fólk, þegar... þeir ritskoðuðu lögin áður en þeir leyfðu að þau væru sungin í útvarpið. Og eitt fyrsta lagið var: “Sýnið hnén, stúlkur og veltið ykkur um.” Og allt á þann mátann. “Gerid grín að pabba og mömmu og hlægið að þeim dátt, ha, ha.” Það var fyrsta lagið sem fékk að sleppa í gegn. Hvar heldur þú að náunginn sé sem samdi þetta lag? Hann er dauður. Hvað finnst þér um Clöru Bowe sem talaði fyrst um fallegar línur og fatafelludans, sem hefur sent þúsundir manna til helvítis. Hvar heldur þú að hún sé í kvöld? Hún hefur verið dauð í langan tíma. Hvar er hún? Líkami hennar liggur þarna undir moldinni ormétinn. Og sál hennar stendur frammi fyrir réttlátum Guði.

93 Hvar er maðurinn sem sótti þessa konu og bjó til þessi gömlu, skítugu föt sem þær ganga í núna til að þrýsta þeim í eina áttina eða hina og láta fötin fara illa? Hann sagði: “Hvers vegna gera þeir þetta? Af hverju gengur þú í svona fötum?” Af því þú vilt að karlmenn horfi á þig. Það er engin önnur leið til að sanna það. Og vissir þú að þegar þú gerir þetta og einhver syndari horfir á þig, veistu hvað hefur þá gerst? Við dómstól Guðs... þú segir: “Bróðir Branham, ég er eins trú eiginmanni mínum og mögulegt er.” Þú verður talin sek um að drýgja hór. Jesús sagði: “Hver sem lítur konu girndarauga, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.” Ef þessi maður þarf að svara til saka fyrir að hafa drýgt hór, hvað verður það þá sem orsakaði það? Það verður það hvernig þú klæddir þig og hvernig þú komst fram. Ég er ekki að segja að þú verðir að klæða þig í eitthvað sem er eins komið úr fornri fatafötu. En þú getur verið dálítið dömulegri.

94 Og þú ferð út og gengur í pínustuttbuxunum þínum og bindur lítinn borða um mittið. Og þú gengur niður götuna með sígarettu í munninum. Þú gerir það ekki í neinum góðum tilgangi. Ef til vill ert þú þér ekki meðvituð um það, en djöfullinn er að nota þig sem verkfæri, alveg eins og hann notaði Evu.

Af hverju er þetta konuþjóf? Vegna þess að hún er á leiðinni inn í algjöra stjórn kaþólskunnar. Hvað er þetta í dag? Maður heyrir þá aldrei minnst á Jesú. “Heill þér María guðsmóðir.” Heilög Sesselja, alls kyns dýrlingar. Dauðir dýrlingar.

95 Ég var í Mexíkó í fyrra. Þarna kom veslings kona sem skreið á hnjánum og skinnið farið af þeim. Hún grét og hélt með höndunum fyrir andlitið. Og faðirinn gekk á eftir henni og hélt á tveimur börnum sem grétu. Og móðirin þjádíst svona, vegna þess að einhver kona sem þeir kalla dýrting dó. Það var stytta af henni uppi á hæðinni. Einhver elskhugi myrti hana. Og um leið og hún var myrt á þennan hátt... auðvitað varð hún dýrtingur, hún var kaþólsk.

Síðan ætlaði konan að gera yfirbót og hún varð að skríða tvær mílur yfir götusteina til að gera yfirbót.

Bróðir, sé það eitthvað sem ég verð að gera, þá dó Jesús Kristur til einskis. Fyrir náð er ég hólpinn og það er ekki mér að þakka. Það er vegna vilja Guðs og náðar Hans og miskunnar.

96 Blaðamennirnir spurðu mig og sögðu: “Herra Branham...” (Litla dána barnið í Mexíkó sem hafði lifnað við og nokkrir hlutir sem gerðust þarna.) Þrjátíu þúsund kaþólikkar, nei afsakið, það voru tuttugu þúsund, þrjátíu þúsund var í Afríku. Tuttugu þúsund kaþólikkar tóku við Jesú sem sínum persónulega Frelsara á sama tíma þarna í Mexíkóborg. Og prestarnir gátu ekki sent allt of marga, það hefði komið af stað uppþoti. Það voru of margir þarna til hliðar. Svo þeir sögðu: “Bróðir Branham, trúir þú að dýrtingarnir okkar geti gert það sama og þú?”

Þar sem ég þekki kenningar þeirra þá sagði ég: “Vissulega, ef þeir eru lifandi.” (Það er ekki hægt að verða kaþólskur dýrtingur fyrr en þú ert dáinn, sjáðu til.)

Svo hann sagði: “Það er ekki hægt að verða dýrtingur fyrr en maður er dáinn.”

Ég sagði: “Hvar last þú það? Páll sagði: ‘Til hinna heilögu sem í Efesus eru og þeirra sem eru kallaðir af Guði.’ Það er: Til hinna heilögu í Efesus og hinna heilögu á öðrum stöðum, í Galatíu og Róm og svo framvegis. Hinna heilögu, þeirra sem eru helgaðir. Og hvað segir þú um það?”

97 Hann sagði: “Að sjálfsögðu eigum við ekki að rökræða Biblíuna, því við erum kirkjan og það sem kirkjan segir... okkur er sama um það hvað Biblían segir, það er: Hvað segir kirkjan.”

Hann spurði: “Hver er skoðun þín á kaþólsku kirkjunni?”

Ég sagði: “Ég vildi að þú hefðir ekki spurt mig að þessu. Vegna þess að ef þú spyrð mig, þá segi ég sannleikann.”

Hann sagði: “Ég vil að þú segir mér sannleikann.”

Ég sagði: “Hún er fullkonnasta form af spíritisma sem ég þekki.”

Hann sagði: “Hvaðan hefur þú það?”

Ég sagði: “Allir þeir sem eiga samskipti við hina látnu eru í spíritisma. Og ef þessi dýrtingur svarar, þá er hann í helvíti, vegna þess að Biblían segir að þeir sem farnir eru yfir um geti ekki komið til baka.” Það er alveg rétt. Og ég sagði: “Ef hann eða hún var dýrtingur, þá er þetta djöfullinn sem talar eins og dýrtingur og þá er það ekki neinn dýrtingur eftir allt saman.”

Og hann sagði: “Bíddu nú aðeins við. Þú átt líka samfélag við hina dónu.”

Ég sagði: “Hvernig þá.”

“Jesús Kristur dó.”

Ég sagði: “En Hann reis aftur upp frá dauðum. Hann er ekki dáinn heldur lifir Hann ætíð til að biðja fyrir okkur. Hann er eini meðalgangarinn milli Guðs og manna.”

“Ég er sá sem var dáinn en lifnaði aftur og ég lifi að eilífu. Ég hef lykla dauðans og heljar. Hver sem vill hann komi og drekki ókeypis af lífsins vatni.” Vá, svona er Guð okkar.

98 Svona er Guð okkar og afkomendur hinna réttlátu eru næstum komnir alla leið. Talið við fólk um þessa hluti. Um að snúa aftur til þeirrar leiðar sem Biblían bendir á. Talið við fólk um kraftaverk, talið um þetta við fólk. Kirkjan þeirra trúir þessu ekki, svo þeir eru þá óskilgetin börn Guðs. Biblían sagði að ef við gætum ekki afborið ofsóknir og háðung og prófraunir og að það sé gert grín að okkur og við kölluð heilagsandahopparar eða eitthvað álíka, ef þið þolið ekki slíkt þá eruð þið bara óskilgetin börn Guðs. Kallið mig ofstækismann eða hvað sem ykkur lystir. Svo framarlega sem hjarta mitt er rétt og upplifun mín passar við Biblíu Guðs, þá held ég áfram í sömu átt.

99 Vissulega er þetta það sem við trúum. Þetta er kirkja hins lifandi Guðs, sem ekki er byggð á guðfræði eða mannlegum vitsmunalegum skilningi. Hún er byggð á opinberuninni á þeim sannleika að Jesús Kristur er sonur Guðs. Ef ég hefði aðeins mannlegan skilning vegna þess að Baptistakirkjan eða Mepódistakirkjan segir mér að eitthvað sé svona og svona... Þegar ég hlýði Biblíunni... hafi ég verið skírður í nafni Föður, Sonar og Heilags anda og síðan les ég Biblíuna og prédikarinn segir mér að enginn hafi verið skírður í Biblíunni nema í nafni Jesú Krists. Og ég les þetta og sé að það er sannleikurinn, þá myndi ég flýta mér eins fljótt ofan í vatnið og mér er mögulegt. Svo sannarlega.

100 Ef einhver segir mér að Jesús Kristur sé mikill Græðari og kirkjan mín segði mér að dagar kraftaverkanna séu liðnir og ég þarfnaðist lækningar, þá myndi ég flýta mér upp að altarinu eins fljótt og ég gæti. Svo sannarlega. Ef ég væri prédikari og ég væri með kvenprédikara í púltinu mínu og ég læsi það í Biblíunni og ég sæi það að kona á ekki að prédika, þá myndi ég taka hana þaðan hvað sem það kostaði. Ég man að hún sat þarna, þar sem systir Wright situr, kvöld nokkurt og sagði við mig að konur myndu fleygja mér á dyr fyrir að segja slíka hluti. Já Herra minn. Ég sagði: “Þið komið ekki til kirkju í þessum gamla...” Þegar þær vildu koma til kirkju í kjólum sem búið var að klippa neðan af og efnið var skrýtið og það sást í helminginn af líkama þeirra. Ég sagði: “Ef þær koma svona til fara í mína kirkju myndi ég vissulega reka þær út. Og einhver lítil kvenréttindakona (Hún dó ekki löngu eftir þetta og hún kallaði á mig þegar hún var deyjandi. Hún var kaþólsk stúlka.), gekk inn og settist niður svona útlítandi. Ég leit aftur fyrir mig og ég kom auga á hana. (Og kórinn var að syngja.) Ég fór úr jakkanum mínum, gekk til hennar og lagði hann yfir axlir hennar. Ég sagði: “Fröken, ef þú ætlar að hlusta á mig prédika, vildir þú vera svo væn að vera í þessum jakka, meðan þú ert í kirkju Guðs.”

101 Hún stormaði út og setti stút á varirnar á leiðinni. Hún sagði: “Ef hann er trúaður, þá byði ég ekki kúnni minni upp á slíka trú.” Ég sagði: “Hafðu engar áhyggjur. Hún myndi ekki vilja taka við henni.” Þegar við vorum með tjaldið, kölluðu þau á mig þegar hún var að deyja. Maðurinn hennar sagði: “Komdu strax.” (Og ég var í miðri samkomu). Stór og hávaxinn piltur stóð við dyrnar og beið eftir mér. Ég fór upp í bíl og flýtti mér þangað. Þegar ég kom stóð gamla hjúkrunarkonan við dyrnar og hún á enn heima í Howard Park. Hún sagði: “Prestur góður, það er engin ástæða fyrir þig að koma.” (Það eru liðin um 20 ár síðan þetta var.) Hún sagði: “Hún er dáin. Hefur verið dáin í um það bil þrjár mínútur. Hún hrópaði á þig af öllum kröftum. Ég er með skilaboð til þín.”

Ég sagði: “Hver eru þau?”

“Segðu prédikaranum sem ég sagði þetta við, að vera svo góðan að fyrirgefa mér.”

102 Ég fór til að líta á hana. Þetta var falleg kona. Og hún hafði þjádast svo mikið að hún var komin með litlar freknur á nefið. Falleg kona. Og freknurnar voru dálítið útstæðar og augun voru komin út úr augnatóttunum og höfðu ranghvolft. Auðvitað höfðu þarmar og nýru gefið allt frá sér og það steig gufa upp af rúminu. Og eigenmaðurinn sagði: “Bróðir Branham, farðu með bæn, vegna þess að hana langaði svo mikið til að hitta þig.”

Ég sagði: “Það gerði ekkert gagn að biðja fyrir henni núna. Tréð fellur í þá átt sem það hallast. Látið ekki blekkjast. Guð lætur ekki að sér hæða. Eins og maðurinn sáir svo mun hann og uppskera.”

103 Sérðu þetta? Hvað var það sem gerðist? Látið bara á konu sem getur gert svona lagað. Líttu á konu sem var uppi fyrir nokkru síðan. Hvað er dóttir hennar? Kvenréttindagæra. Hvað er dóttir hennar? Rokkararunglingur. Hvað verður dóttir hennar? Hm... hvað verður þetta?

Sáuð þið sæði hinna réttlátu? Lítum bara á ykkur Baptista. Förum aftur til þess sem var fyrir ekki svo löngu síðan. Förum aftur til stofnanda ykkar; John Smith. Hann bað vegna siðleysis fólksins þar til hann grét, og hann bað fyrir fólkinu þar til augu hans voru orðin grátblógin og kona hans varð að mata hann á morgunmatnum við borðið.

104 Og þið Meþódistar sem eruð með skartgripi í nefjum ykkar og eyrum og þið lítið út eins og söðull fyrir djöfulinn. Og þið farið út og gangið í stuttbuxum og öðru slíku... Þegar gamli John Smith, einn af öldungum Meþódistakirkjunnar, prédikaði stutta prédíkun (fjögurra tíma prédíkun), áður en hann dó við 85 ára aldur. Og þeir urðu að bera hann upp í púlt. Og þetta voru hans síðustu orð: “Ég er svo miður mín vegna hegðunar Meþódistakirkjunnar. Meira að segja dætur Meþódistakirkjunnar ganga með gullhringa á fingrum.” Hvað myndi hann segja í dag þegar þær syngja í kórnum í stuttbuxum? Ykkur gekk vel. Hvað gerðist? Þið eruð að haga ykkur eins og mamma ykkar. Það er einmitt málið. Það er ástæða þess, að við viljum ekki neinar af þessum kirkjudeildum eða merkjum. “Við erum Meþódistar. Við erum Baptistar.” Við erum bara af Kristi. Látum það vera svoleiðis áfram. Verið frjáls.

105 Sérð þú núna sæði höggormsins? Hvers virði væri slík kona í dag? Hvað gerðist? Það gekk bara áfram línuna. Það ýtti Baptistum niður og Meþódistum og Öldungakirkjumönnum. Hvað gerðu þeir? Þeir urðu allir nákvæmlega eins og mamma þeirra, gamla skækjan. Þarna eru þeir allir í sama hórdómnum. “Nú, það skiptir ekki máli. Það er búið að skíra þá ungbarnaskírni. Þeir hafa játað syndir sínar. Þeir eru búnir með sex mánaða reynslutímann. Þeir drukku ekki of mikið á þeim tíma og svo framvegis. Þeir eru góðir meðlimir. Þeir borga vel í...” Herra minn trúr! Það hefur ekkert að gera með ávexti Andans. Ávextir Andans eru kærleiki, gleði, friður, langlyndi, góðvild og gæska, trúmennska, hógværð og bindindi. Það er það sem málið snýst um, ávexti Andans.

106 Tökum mann. Hann lifir góðu lífi í hverfinu. Það gerði Esaú líka. Esaú gerði engum mein og Esaú var af djöflinum. En Jakob, sem kom úr sama móðurkviði, var af Guði. Sæði djöfulsins og sæði konunnar. Sæði Guðs kom í gegnum... sjáið þið, þetta leiðir allt saman til þessa... Nú, hvað er eftir í heiminum í dag? Ég ætla að segja þetta harkarlega og koma því til skila. Síðan verður vakning á næstu samkomu. Þetta er allt

saman orðið að... og ekki halda að ég sé með guðlast, en þetta er ekkert nema trúræknihópur lausaleiksbarna. Þetta er mín síðasta athugasemd.

107 Það er nákvæmlega það, sem þetta er allt saman orðið. Þið vitið að það er sannleikurinn. Þetta er komið á þann stað að það er bara að gerast meðlimir í söfnuði og að hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar og afneita krafti hennar, þar til ekkert er eftir nema trúræknihópur lausaleiksbarna. Það er nákvæmlega þannig sem það er. Hvað er þá eftir? Það svífa eldflaugar þarna fyrir handan, nokkrar slíkar og kóboltsprengrur og ýmislegt þvífíkt. Þær bíða bara eftir að valdið komi. Og það verður eyðing með eldi eins og hún varð áður með vatni.

108 Og vinir, hvað sem þú gerir, ef þú ert kristinn og þú hefur Guð í hjarta þínu og veist að þú ert yfirstiginn frá dauðanum til lífsins, þá ættir þú að vera hamingjusamasti einstaklingur í öllum heiminum. Þegar Heilagur andi býr í þér...

109 Þegar Biblían segir að “Jesús Kristur sé hinn sami, í gær, í dag og um aldir,” segja kirkjudeildirnar: “En við trúum að dagar kraftaverkanna séu liðnir.” Heilagur andi segir: “Amen, Jesús Kristur er í gær og í dag, hinn sami og um aldir. Verði svo.”

110 Eins og Biblían segir: “Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn til nafns Jesú Krists, til fyrirgefningar synda yðar. Þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda. Því að yður er ætlað fyrirheitið, börnum yðar og öllum þeim, sem í fjarlægð eru, öllum þeim, sem Drottinn Guð vor kallar til sín.”

Ekki: Alla þá sem Mepódistar kalla til sín eða Baptistar, heldur allir þeir sem Drottinn Guð vor kallar til sín, munu öðlast að gjöf Heilagan anda og láta skírast í nafni Jesú Krists. Þetta er það sem Biblían segir.

Þegar þetta snertir við þér, segir þú Amen.

Kirkjan sagði: “Það skiptir engu máli.”

En Heilagur andi segir Amen við Orði sínu. “Eigi lifir maðurinn á brauði einu saman, heldur hverju því Orði sem fram gengur af Guðs munni.” Þarna hafið þið það.”

111 Mig langar að biðja ykkur að sýna mér eitt ritningavers, þar sem stendur að það hafi verið epli sem kom öllu þessu af stað. Ég sýndi ykkur hvar Kain hélt það sama og hvar afkomendur hans halda enn það sama. En hin andlega opinberun um Guð, sýnir gegnum Biblíuna að það voru óleyfilegar samfarir milli karlkyns og konu. Þaðan koma risarnir ykkar. Þaðan koma syndir ykkar. Þaðan kemur spilling ykkar. Það kemur allt saman þaðan.

Takið nú eftir. Höggormurinn var miklu slægari. Og afkomendur hans hafa alla tíð verið miklu slægari. Og mig myndi langa til að klifra upp á þetta púlt og taka mér hljóðnema í hönd og segja þetta: “Hvar eru nú hinir miklu vitsmunamenn ykkar?”

Forstöðumaðurinn þinn sem hefur náð sér í mikla þekkingu og hann stendur upp.

Hann er forstöðumaður stærstu kirkna í landinu og svo framvegis í þá áttina... hvar stendur sæði höggormsins? Það er í hinum miklu menntastofnunum, þar sem klárir menntamenn starfa. Það einmitt þar sem þeir eru. “Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir Anda minn segir Drottinn.” Skiljið þið?

112 Og tökum litla bróðurinn sem stendur þarna á horninu og grætur úr sér augun og stendur ef til vill þarna með gítarinn sinn og syngur: “Bróðir, förum og leitum Drottins.” Og forstöðumenn ganga framhjá og segja: “Þetta myndi ég ekki vilja að

minn söfnuður... ég myndi ekki vilja eiga samfélag við... ég vil ekki að Lilja eða Jón og þau, sjái mig standa nærri slíkum stað. Farðu bara afkomandi djöfulsins. Þú ert hvort eð er á leiðinni til þíns ævarandi dvalarstaðar. Það er alveg rétt. Og ég hefði getað bætt hér við orðinu lausaleiksbörn. Og þannig er staðan svona um það bil. Því að: “Enginn kemur til mín nema faðirinn dragi hann. Og alla sem til mín koma, mun ég reisa upp á síðustu dögum. Ekkert mun glatast. Ég á það og ég mun varðveita það.” Enginn getur gert þetta nema svona. Það hvílir allt saman hjá honum. Ekkert ykkar getur sagt að þið hafið gert nokkurn skapaðan hlut. Það er náð Guðs, sem gerði þetta allt saman. Svo það er ekkert sem ég hef gert. Ég þurfti ekki að gera neitt og þú ekki heldur. Þú ávannst þér aldrei neitt. Það er Guð sem gerði það allt saman. Þú snertir ekki á því með litla putta.

Þú getur sagt: “Ég er nú af góðri fjölskyldu. Ég gerði þetta.” Það hefur ekkert með það að gera. Það er Guð sem gerði þetta. Náð og miskunn Guðs.

113 Mér þykir það leitt. Klukkan er ekki enn orðin ellefu, en ég verð samt að hætta. Hverjir skilja að Biblían talar um að þessir hlutir séu sannleikur? Sérstaklega þið í söfnuðinum okkar. Þetta er ekki nema svona einn sextándi af því sem við kennum og trúum. En þið sem eruð ekki meðlimir í söfnuði okkar, munið bara að við trúum að Biblían segi að þetta sé þannig og Biblían er sannleikur Guðs. Og við trúum að í Gamla testamentinu höfðu þeir leið til að ákveða hvað sé sannleikur og hvað ekki. Við vitum öll að þeir höfðu hið niðurskrifaða lögmál. Hve margir vita það? Lögmálið og boðorðin voru í sáttmálsörkinni og svo framvegis. Og lögmálið sagði: “Þú skalt ekki drýgja hór. Þann sem drýgir hór skal grýta til bana.” Þetta var boðorðið og lögmálið af boðorðinu. Sáttmálsörkin var gerð á þann hátt, að boðorðin og lögmálið voru í vösum innan á hlið hennar. Og boðorðin. Ef einhver kom og drýgði hór, þá fóru þeir og aðgættu hvað lögmálið sagði. “Grýttu hann.” Þá tóku þeir hann og grýttu hann. Þannig var lögmálið og boðorðin.

114 Þeir vissu þetta á tvennan hátt í viðbót. (Þrír er alltaf staðfesting.) Þeir höfðu aðra leið til að vita þetta og það var annað hvort gegnum spámann eða draumamann. Hve margir vita þetta: “Sé einhver á meðal yðar andlegur eða spámaður þá mun ég, Drottinn, gera mig honum kunnan í draumum og tala til hans í sýnum. Það er alveg rétt. Nú, hann spáði.

Ef einhver kom og sagði: “Ó, hallelúja, ég hef það. Ég spái núna í nafni Drottins. Ég hef opinberun,” þá létu þeir það ekki ganga svoleiðis fyrir sig, eins og þið gerið. Þeir rannsökuðu það fyrst hjá Guði.

115 Í brjóstskildi Arons, var það sem þeir kölluðu Úrím - Túmmím. Hve margir hafa heyrt þetta orð? Hvað var það? Það voru tólf steinar, sex á hvorri hlið, sem táknuðu ættfeðurna 12. Jaspis var fyrir Júda og svo framvegis. Og síðan tóku þeir þennan spámann eða draumamann og þeir hengdu brjóstskjöldinn upp og létu hann vera þarna. Og þeir sögðu: “Spáðu nú og segðu okkur spádóminn þinn.” “Drottinn talaði til mín og sagði þetta eða þetta.” Það var sama hve raunverulegt það virtist. Það gat hljómað sem fullkominn sannleikur. En ef ljósin sameinuðust ekki og mynduðu regnboga yfir Úrím - Túmmím, sem var yfirnáttúrulegt og það staðfesti þetta. Sjáið til, Guð staðfesti alltaf Orð sitt. Og ef þetta yfirnáttúrulega ljós blikaði ekki, þá var alveg sama hve raunverulegt það virtist. Það var rangt.

116 Ef draumamaður sagði: “Mig dreymdi draum, og þessi draumur sagði að Ísraelsmenn ættu að færa sig yfir á vissan stað, vegna þess að Sýrlendingar munu

koma að frá þessari hlið og gera umsátur,” þá fóru þeir með þennan draumamann á ákveðinn stað og hann sagði draum sinn. Ef ljósið blikaði ekki, þá var alveg sama hvað... það var rangt. Nei, það varð að vera staðfest af Úrím - Túmmím. Nú, allir vita að gamli prestdómurinn leið undir lok og Úrím - Túmmím með honum. Við vitum það, ekki satt. En hvað höfum við sem Úrím - Túmmím í dag? Jú, vissulega, Guðs Orð. Ef einhver hefur opinberun eða talar eitthvað eða hefur einhverja kenningu sem samræmist ekki Biblíunni, þá hefur hann rangt fyrir sér. Mér er sama í hvaða kirkjudeild hann er, hve góður hann er, hve klár eða menntaður hann er, hann hefur rangt fyrir sér.

117 Og ef einhver segir þér það sem við höfum verið að kenna hér í dag en segir þér að það sé í lagi að láta dreypa vatni á sig í skírninni, þá er hann að ljúga að þér. Það mun ekki fá steinana á Úrím - Túmmím til að lýsa. Ef hann segir þér að það sé í lagi að láta skírast í nafni Föður, Sonar og Heilags anda, þá er hann að ljúga að þér. Ef hann segir þér að það sé í lagi að kona prédiki, þá er hann að ljúga að þér. Ef hann segir þér að dagar kraftaverkanna séu liðnir, þá er hann að ljúga að þér. Ef hann segir þér að það sé í lagi að halda sér við kirkjudeildina sína, þá er hann að ljúga að þér. Það mun ekki fá steinana á Úrím - Túmmím til að lýsa. Og þúsundir af hlutum sem koma frá gömlu skækjunni þarna. Og þess vegna höldum við okkur frá kirkjudeildum.

118 Við elskum bræður okkar og systur í þessum kirkjudeildum. En við segjum ekki: “Þú ert Meþódisti eða Baptisti og það gerir þig kristinn í mínum augum.” Þú þarft hvorugt að vera. Þú ert kristinn af því að þú ert endurfæddur af Anda Guðs. Þú þarft ekki að vera Meþódisti eða Baptisti. Þú þarft bara að vera fæddur af Anda Guðs. Trúir þú þessu? Ef einhver vill byggja á þessum grunni — koma inn í samfélag lofgjörðarinnar og láta skírast niðurdýfingarskírni í Jesú nafni, þá ætla þeir að hafa skírni eftir augnablik hér í þessari laug. Ef það er einhver hér inni, einhver sem vill koma á þann hátt, þá erum við hér. Það er alveg rétt.

119 Við erum ekki með neina félagaskrá. Þið komið bara hingað í þessa kirkju. Við trúum að Kristur sé í Meþódistakirkjunni, Baptistakirkjunni, Öldungakirkjunni. Hann á meðlimi í sérhverri þeirra. Og það sem veldur skortinum í dag... það er falsspádómur sem kemur fram með þessa hluti, kennslan í þessum kirkjum, sem er algerlega gagnstæð því sem Biblían kennir.

120 Ef einhver hefði gert mér grein fyrir þessu, þá myndi ég vissulega koma mér... ég trúi því að það sé nóg af Anda Guðs í mér til að leita í Biblíunni og koma og gera það sem rétt er. Ef ég gengi bara fram og tæki í höndina á prédikaranum og skrifaði nafn mitt í bók og hefði samt enn hatur og illsku í hjarta mínu og væri enn afbrýðisamur og tryði ekki enn að Jesú sé læknir og svo framvegis, þá myndi ég flýta mér að gera upp málin frammi fyrir Guði. Ég trúi að ég myndi verða einlægur með þetta. Ég myndi vilja verða réttur frammi fyrir Guði. Ef ég væri bara með, af því ég er Baptisti eða Meþódisti, þá myndi ég fara og ná mér í kristindóm inn í hjarta mitt. Svo sannarlega.

121 Munið nú að vakningarsamkomurnar munu byrja, ef Drottinn vill, næsta miðvikudagskvöld. Og þær verða í sama anda. Hlustið vinir. Til er sannur og lifandi Guð. Það er alveg rétt. Jesús Kristur er sonur Guðs. Heilagur andi er í kirkjunni í dag. Nú, ef einhver segði mér það bara, þá hefði ég allan rétt til að efast um það. En hlýðið

nú á. Þegar ég var lítill drengur stóð ég einn daginn undir tré. Ég sá hann. Ég heyrði í honum. Hann sagði við mig: “Haltu þig frá saurugum konum, haltu þér frá sigarettum, haltu þér frá áfengi og blóti og öllu slíku. Ég hef verk fyrir þig að vinna þegar þú verður eldri.” Ég veit að Hann er lifandi Guð, sem stendur með Orði sínu.

122 Og hvernig mætti Hann mér ekki, þegar ég varð eldri. Hvernig Hann talaði við mig. Hvernig ég sá Hann í brennandi runnanum og eldurinn logaði. Ég heyrði Hann tala og segja mér hvað myndi eiga sér stað og það rættist eins fullkomlega og mögulegt er. Sá sami og segir mér hluti á svona fullkominn hátt, er sá sami og gefur mér innblástur til að kenna Biblíuna eins og ég geri. Það er alveg rétt. Svo það kemur frá Guði.

Fyrir mér, er það Guð almáttugur og Hann er hinn sami í gær, í dag og um aldir. Jesús sagði: “Ég kem frá Föðurnum og ég fer til Föðurins.” Þegar Hann var Guð í eyðimörkinni, var Hann logandi ljós. Hve margir vita það. Hann var logandi ljós, eldstólpi. Og Hann kom hingað til jarðarinnar og sagði: “Ég kom frá Föðurnum og ég fer til Föðurins.”

123 Þegar Hann hafði dáið og risið upp og Páll hitti Hann á ný á veginum til Damaskus, hvað var Hann þá? Ennþá eldstólpi. Hvað gerði Hann, þegar Hann kom hingað til jarðarinnar? Hvað gerði Hann, þegar Hann mætti Páli? Hann sendi hann til spámanns sem sagði honum hvernig hann ætti að skírast og hvað hann ætti að gera. Hann lagði hendur yfir hann og læknaði hann. Hann sagði honum að hann hefði séð sýn.

Þessi sami Jesús er hér í dag að gera það sama. Og Hann er enn þessi sami eldstólpi, sem kennir það sama og staðfestir það með Orði sínu og með undrum og táknum. Ég er svo glaður að vera kristinn að ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég er glaður að þú ert kristinn.

124 Þið í þessari kirkju, Branhamtjaldbúðinni, ég sagði ykkur að við ætluðum að breyta nafninu. Það er ekki rétt að nafnið sé kennt við Branham. Það er bara maður, sjáið til. Við ætlum að breyta nafninu í eitthvað annað. Við förum í það bráðlega. Ég vil ekki að það sé Meþódistakirkja, Öldungakirkja, Hvítasunnukirkja, eða neitt slíkt. Ég elska allt þetta fólk af öllu hjarta. Ég veit ekki hver er hvað, get ég sagt ykkur.

125 Ég verð bara að prédika Orðið. Ég kasta út netinu og dreg það aftur inn. Í því eru froskar, snákar og ef til vill einhverjir fiskar. Guð ákveður það. Ég dreg bara netið inn — prédika bara Orðið og dreg netið inn og segi: “Hér er fólk, Drottinn, komið fram fyrir altarið. Þú þekkir þá sem eru þínir. Þú þekkir þá, síðan fyrir grundvöllun heims. Ég veit ekki hver er hvað svo þetta er þitt mál, Drottinn. Það er það besta sem ég get gert. Ég fer hingað og næ í einhverja fleiri og legg fleiri hópa fram fyrir þig. Það er allt og sumt sem ég get gert. Allt í lagi.

**Mig langar að fara af stað heim,
mig langar í ferðalag.
Heimilið á himnum er fagurt og frítt
og mig langar að fara af stað heim.**

126 Og munið að ef einhvern langar að fá viðtal, þá talið bara við Herra Mercier. Við verðum glöð að sjá ykkur. Ástvinir ykkar koma hér inn og þurfa hugsanlega að flýta sér heim meðan vakningin stendur. Ég ætla að fara burt og vera einn í tvo daga.

Ég fer og stúdera Orðið svona: “Drottinn, þú ert mér nálægur. Ég veit að þú ert hér. Orð þitt segir að þú nálægir þig þeim sem nálægja sig þér.” Og ég held bara áfram að biðja og bíð þar til ég sé eldstólpann hreyfast. Þá veit ég að allt er reiðubúið. Þá fer ég upp á pallinn og lækningasamkoman hefst. Og ég bið og geri hvað ég get til að hjálpa sjúkum og þjáðum.

127 Við kunnum að meta góðvild ykkar. Og þegar þið komið, þá komið í trú. Og við búumst við góðum samkomum. Er bróðir Jeffries hér? Við viljum veita bróðir Jeffries viðurkenningu og starfi hans. Hann er líklega farinn heim. Ég er glaður að sjá bróður Wright og systur Wright og marga af þeim sem hér eru. Ég sá Robinson lögmann fyrir andartaki síðan. Mig langaði að þakka honum fyrir ræðuna, sem hann hélt um daginn. Enginn sagði hver það væri. Ég skammaðist mín. Hann kom með góðan boðskap um spádóma, eitthvað álíka og ég hef verið að prédika í kvöld. Síðan var annar prédikari hér í morgun eða í gærkvöldi, bróðir Smith úr Meþódistakirkjunni eða Kirkju Guðs. Ég veit ekki hvort hann er hér í kvöld eða ekki. Það er erfitt að sjá það héðan frá púltinu. En ef þú ert hér bróðir Smith, þá þykir okkur vænt um þig.

128 Og er þetta ekki lágvaxni bróðirinn frá Georgíufylki, sem situr þarna hjá bróður Collins? Ég er glaður að sjá þig aftur í kvöld, bróðir. Og ykkur hin öll saman. Hver og einn veit hver þið eruð. Er þetta ekki bróðirinn eða systirin sem fór og bað fyrir stúlkunni einu sinni? Og það situr læknir við hliðina á honum. Drottinn blessi þig, læknir.

129 Ekki móðgast, prédikarar og bræður, vegna þess hversu alvarlega ég sagði þetta allt saman til að koma því til skila. Þetta er okkar kirkja. Þetta er það sem við stöndum fyrir. Og við viljum sækja fólkið með Orðinu. Og ef þið síðan farið út af veginum þá getum við sagt: “Þið vissuð betur. Þetta er hér allt á segulbandsspólu.” Það er miklu fleira sem ætti að koma fram, en þið hafið nú fengið þetta mikið. Við höldum okkur við það og þið fáið afganginn eftir einhvern tíma. Eins og maðurinn sagði sem var að borða vatnsmelónu: “Þetta var gott en mig langar í meira.” Svo það er meira í deiglunni.

130 Drottinn blessi ykkur nú ríkulega meðan við... við ætlum að hafa skírnarathöfn núna, er það ekki rétt, bróðir Neville? Ætlar einhver hér að láta skírast núna? Mér er sama hver þið eruð. Við erum reiðubúin að skíra ykkur. Réttið upp hendur sem vilja láta skírast. Einhver? Þarna er kona. Eru einhverjir fleiri? Við höfum föt fyrir bæði karla og konur.

131 Við erum ekki að segja ykkur að yfirgefa Baptistakirkjuna eða Meþódistakirkjuna. Farið bara aftur í kirkjurnar ykkar. En ef þú hefur ekki verið skírður í samræmi við Ritninguna í nafni Drottins Jesú Krists (það er Ritningin), þá ertu skírður rangt. Ég vil engin vandræði þegar ég kem yfir um vatnið. Ég vil að allt sé á hreinu þegar ég held á miðanum, því ég vil komast um borð. Ég ráðlegg ykkur að gera það sama. Farið aftur í kirkjurnar ykkar. Þetta er á milli þín og Guðs. Það er allt og sumt sem ég get sagt þér. En enginn í Ritningunni var skírður á neinn annan hátt, en í nafni Drottins Jesú Krists. Og þeir sem voru skírðir fengu tilskipun frá Páli sem sagði: “Ef engill frá himni prédikar eitthvað annað, þá sé hann bölvður.” Hann skipaði þeim að láta skírast aftur í nafni Drottins Jesú Krists. Það er alveg rétt. Og hann gerði þetta. Og

það sem hann gerði, gaf hann okkur líka tilskipun um að gera. Það munum við gera ef Drottinn vill.

132 Við trúum á fótþvott. Við trúum á kvöldmáltíðina. Við trúum á seinni komu Jesú Krists í sýnilegum líkama, ekki í anda, heldur hinn áþreifanlegi líkami Drottins Jesú, sem kemur aftur í dýrð. Við trúum á upprisu dauðra, að þeir fái nýjan og ungan líkama sem lifir að eilífu. Við trúum að sálin lifi eftir dauðann, algjörlega. Við trúum að það sé aðeins til ein mynd eilífs lífs og það er lífið sem maður fær frá Jesú Kristi. Það er alveg rétt. Þess vegna trúum við ekki á eilífa refsingu. Við trúum að eldur helvítis logi, en ekki að eilífu. Ef það væri svo, þá ættu allir eilíft líf. Það er aðeins til ein tegund af eilífu lífi og það er lífið sem kemur frá Guði. Það er rétt. Þú gætir brunnið kannski í milljón ár eða 10 milljónir ára, en ekki að eilífu. Það er munur á “aldir alda” og eilíflega. Um aldir alda, þýðir meðan við erum í tíma. Við sætum ekki refsingu að eilífu. En við eigum eilíft líf, því það er aðeins til ein mynd eilífs lífs. Og sá sem á eilíft líf, er blessaður af Guði að eilífu. En “sálin sem syndgar”, hvað gerist með hana? “Hún skal deyja.” Þá á hún ekki eilíft líf. Hún sætir sinni refsingu, en hefur ekki eilíft líf. Svo það er enn margt sem við þurfum að kenna ykkur. Við gerum það seinna. Guð blessi þig.

133 Syngjum nú meðan systirin er á leiðinni. Ég held að þessi kona þarna... Rosella, er þetta móðir þín? Nú, Guð blessi þig. Ég er glaður að sjá þig gera þetta, systir. Það er alveg frábært.

Rosella Griffin er einn af mínum bestu vinum. Hún er unga konan sem var alkóhólisti. En flest ykkar hér vitið það ekki. Rosella er ekki hrifin af að ég greini frá þessu. Þegar hún kom upp á pallinn þarna í Indíana, var hún alger róni. Fjórir læknar í Chicago sögðu: “Hún er...” Og AA samtökin gáfust upp á henni og allir aðrir. En eitt kvöldið þegar hún kom upp á pallinn, afhjúpaði Heilagur andi líf hennar og sagði henni frá. Og það gerði út um málið. Lítið á hana núna. Hún er komin yfir þrítugt og lítur út fyrir að vera átján. Yndisleg kona. Hún hefur ekki smakkað viskí síðan og hún lifir fyrir Krist. Og hún vitnar á götunum í dag fyrir alkóhólistum í Chicago. Og hún gerir eitthvað fyrir Drottin. Hún var skírð í nafni Jesú Krists og nú kemur móðir hennar til að gera það sama. Ef Guð gat læknað hana, ef Jesús gat læknað hana...

134 Hvað sem þér gerið í orði eða verki gerið það allt í nafni Jesú Krists... það segir Biblían. Nú ætlum við að hafa skírnarathöfn. Við ætlum að slökkva ljósinn í nokkrar mínútur, meðan fólk undirbýr sig fyrir skírninguna og síðan væntum við góðra stunda í Drottni. Ætlar þú að...? allt í lagi. Farðu nú og gerðu þig tilbúna. Ég ætla að byrja, ég leiði sönginn, meðan þetta er að verða klárt. Eru skírnarfötin...? snöggir. Allt í lagi. Syngjum nú einn af gömlu góðu söngvunum okkar... [Eyða á segulbandinu.] Og hvað verðum við að gera þegar við förum?

**Við tökum nafnið Jesús með oss
og föllum að fótum Hans.**

**Við krýnum Hann Konung konunga á himni
þegar lýkur okkar ferð.**

(Allt í lagi, stöndum upp.)

**Taktu nafnið Jesús með þér,
barn sorgar og þjáningar.**

Það mun gleði og huggun gefa þér,

(Ég skal segja ykkur hvað við gerum. Snúðu þér við og heilsaðu einhverjum þarna og

segðu: “Sæll bróðir, ég er sannarlega glaður yfir að vera á samkomu.”)
Dýrmæta nafnið, Ó, hve sætt!
Von jarðar og gleði himins.
Dýrmæta... Ó, hve...

William Branham flutti þessa ræðu í kirkjunni Branhamtjaldbúðin
(Branhamtabernacle), 28. september árið 1958.

